

NAKBA – 60 ára hernám Palestínu

Þessa dagana er þess minnst að 60 ár eru liðin frá því að Ísraelsríki var stofnað. Tilurð hins nýja gyðingaríkis á sínum tíma naut almenns stuðnings í Evrópu, en Palestínumenn upplifðu atburðina sem stórfelldar hörmungar, „Nakba“ á þeirra máli. Um 750 þúsund manns hróktust á flóttu frá heimilum sínum og í dag telja Sameinuðu þjóðirnar að nærri fimm milljónir Palestínumanna séu landflóttu og Ísraelsríki leyfir ekki að þeir snúi heim aftur. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur ályktað á hverju ári allt frá árinu 1949, um rétt flóttafólksins til að snúa heim aftur og til skaðabóta fyrir missi sinn. Þær ályktanir hafa engu um það breytt, heldur ekki alþjóðalög eða mannúðar- og mannréttindasáttmálar sem kveða skýrt á um rétt flóttafólks til að snúa heim aftur.

Þessi sextíu ár hafa verið ár mikilla hörmunga fyrir palestínsku þjóðina, bæði á herteknu svæðunum og hjá þeim hafa hírst í flóttamannabúðum kynslóð fram af kynslóð og gera enn.

Á þessum árum hefur reynt á þolrifin hjá Palestínumönnum, en þjóðin hefur sýnt af sér ótrúlega þrautseigju og þolgæði. Andspyrnan gegn hernáminu hefur tekið á sig ólík form. Framanaf virtust menn trúu á að vopnuð barátta gæti skilað árangri, en síðustu þrjá áratugina hefur friðarstefna verið meginatriði hjá forystu palestínsku þjóðarinnar og fulltrúum hennar, PLO – Frelsissamtökum Palestínu. Palestínumenn hafa lengi gert sér ljóst að réttlát lausn, sem tryggir báðum þjóðum og svæðinu öllu frið, næst einungis með friðarviðræðum.

Íslensk stjórnvöld áttu sinn þátt í skiptingu Palestínu en tillagan sem samþykkt var á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 29. nóvember 1947 var lögð



Eftir
Svein
Rúnar
Hauksson

fram af sendifulltrúa Íslands. Hún gekk í stórum dráttum út á helmingaskipti, en áður en langt um leið var hlutur gyðinga orðinn fjórðungur landsins til viðbótar. Í stríðsátökum hafði stór hluti Palestínumanna flúið frá heimilum sínum, og þegar vopnahlé komst á í júní 1949 var skiptingin orðin þannig að 78% voru á valdi hins nýja Ísraelsríkis en 22% eftir handa Palestínumönnum.

Það tók áratugi fyrir Palestínumenn að sætta sig við þessa skiptingu og það gerðist ekki fyrr en Ísraelsher hafði

tekið landið allt í leifturstríði sem stóð í sex daga í júníbyrjun 1967. Og þá áttu eftir að líða 20 ár til viðbótar þangað til Palestínumenn viðurkenndu Ísraelsríki innan landamæra frá 1949. Það gerðist með sjálfstæðisfyrirlesingu sem Yasser Arafat forseti las upp á Þjóðþinginu þann 15. nóvember 1988. Þar með höfðu Palestínumenn fallist á tveggja ríkja lausnina.

Hamas-samtökin, sem voru þá nýstofnuð, hafa ekki verið aðili að PLO og ekki verið tilbúin að viðurkenna tilvistarrétt Gyðingaríkissins Ísrael, eins og það heitir formlega. Samtökin hafa engu að síður verið reiðubúin síðustu árin til friðarsamninga við Ísrael á grundvelli landamæra eins og þau voru 1967, sem er sá grundvöllur sem alþjóðasamfélagið byggir á. Forystumenn Ísraelsríkis hafa hinsvegar aldrei verið reiðubúin til að gefa upp eða semja um nein ákveðin landamæri. Í þeirri stöðu getur að sjálfsögðu verið erfitt að viðurkenna ríkið, ef menn vita ekki hvað er verið að viðurkenna.

Deilurnar milli stærstu stjórnmalafylkinganna í Palestínu, Fatah og Hamas, spilla að sjálfsögðu mjög fyrir baráttu þjóðarinnar. Stjórnir Bandaríkjanna og Ísraels gera allt sem þau geta til að ala á þessum klofningi og þegar samningar hafa náðst milli palestínsku fylkinganna eins og gerðist nýverið á fundi í Jemen, þá hótaði Ísraelsstjórn að slíta öllum friðarviðræðum.

Staðan er erfð en í grundvallaratriðum er palestínska þjóðin sameinuð í baráttu sinni fyrir friði, sjálfsákvörðunarrétti, frelsi, fullveldi og mannréttindum. Í þeirri baráttu er palestínskt flóttafólk ekki gleymt.

Höfundurinn er lækni og form. Félagsins Ísland-Palestína



Til hamingju með afmælið

Á þessu ári er haldið uppá 60 ára afmæli Ísraelsríkis. Það er mikið um dýrðir og árnaðaróskir berast.

Þegar einstaklingur á Íslandi nær þessum aldri er yfirleitt slegið upp veislu og vinir og vandamenn samfagna. En hvað gera menn ef lífshlaup afmælisbarnsins væri samfelld saga um glæpi og afbrot af verstu gerð? Líklega kjósa flestir tilvonandi afmælisgestir að halda sig heima. Það eru fáir sem kæra sig um að mæta í slíka veislu. Og það eru ekki nema glæpanautar og siðblindir vinir og ættingjar sem hafa geð til þess að mæta og

halda lofræður um afmælisbarnið. Hvernig litist mönnum á það að því væri hampað að afmælisbarnið hefði allt frá upphafi stolið landi granna sinna? Fram kemur að hann fékk úthlutað lóð

Hvernig er hægt að segja frá því í lofræðu að sá sextugi hafi byggt heilu húsin á landi granna sinna? Hvað segja menn um lofræðu sem miskunnarlaust skýrir frá því að viðkomandi hafi frá barnæsku brotið lögreglusamþykktir og landslög og komist upp með það?

Hjálmtyr Heiðdal

Málsvari morðingja

Framhald af baksíðu

í Ísrael, þar á meðal á veitingahúsum. Þá er því haldið fram að þótt þar hafi fáir farist iklæddir einkenningsbúningi hersins þá séu Ísraelar herþjóð, þar sem allir, jafnt konur sem karlar, gegni herskyldu. Og eftir að henni lýkur er fólk skráð í varalið. Þannig séu allir íbúar Ísraels óvinahermenn í augum þess sem gerir sjálfsmorðsárás.

Dershowitz er með samskonar málflutning og segir í viðtalinu við Morg-unblaðið að „stríð sé ekki lengur háð af fólki einkenningsbúningum“ og segir gömlu reglurnar fátanlegar sem voru þess efnis, „að menn væru almennir borgarar nema þeir væru klæddir einkenningsbúningum.“ Dershowitz segir Ísraelshers hafa náð stórkostlegum árangri í að laga hlutfallið á milli almennra borgara og vígamanna sem falla í árásum hersins, það hafi verið einn á móti einum í loftárásum á árunum 2001-2002, en á þessu ári sé hlutfallið orðið þannig að „á móti 27 vígamönnum falli aðeins einn almennur borgari.“ Lögfræðingurinn vísar til árásar Ísraelshers á Gaza þegar hann segir: „í mars þegar 120 manns létu lífið, 93 hryðjuverkamenn og 20 óbreyttir borgarar.“ Hér er um að ræða óhugnanlegan leik að tölum til að réttlæta fjöldamorð.

Ekki þarf að fjölyrða um að tölur sjúkrahúsanna á Gaza, Rauða hálfmánans og alþjóðastofnana eru allt aðrar. Langflestir sem létu lífið af völdum Ísraelshers á fimm dögum í lok marsmánaðar voru óbreyttir borgarar, börn og fullorðnir sem hvorki höfðu komið nálægt Qassam-flauga-árásum á Sderot né neins konar hernaði. Þeir

sem þar koma nærri eru fámennir hópar baráttumanna úr ýmsum áttum, sumir tengdir Fatah eða Hamas og aðrir eru frá minni samtökum eða engum.

„Þeim sjálfum að kenna“

Dershowitz er svo ákafur í málsvörninni fyrir ísraelsku fjöldamorðingjana, að til að vera fyrri til þá vænir hann Palestínumenn um stríðsglæpi og er þá væntanlega að vísa til árásanna á Sderot og Ísraelsans sem fórst þar 23. mars. Hann ver hins vegar stríðsglæpi Ísraelsríkis, stjórnar og hers, af sinni lögfræðilegu kunnáttusemi og segir það ekki vera stríðsgæpi því að Gaza sé ekki hertekið svæði og því sé ekki um að ræða brot á Genfarsáttmálum. Hér er að sjálfsgöðu um útrúsnúning að ræða sem málsvarar morðingja eru oft snjallir í fyrir dómstólum og við fáum að sjá í amerískum bíómyndum. Íbúar Gazastrandarinnar búa við enn grimmara hernað en áður, eftir að Sharon ákvað

að draga her sinn og landtökufólk til baka frá Gazaströnd fyrir nokkrum árum. Það var einhliða aðgerð og ekkert samband haft við palestínsku yfirvöld og svæðinu ekki skilað til þeirra. Innlokun íbúanna hefur verið meiri eftir þetta, sem og árásir hersins, bæði úr lofti, af landi og af sjó.

Dershowitz nefnir ekki Vesturbakkann þótt íbúarnir þar verði fyrir stríðsglæpum af völdum hernaðsins dag hvern. Hann var spurður að því í sjónvarpsviðtali, eftir að hafa lýst rækilega hörmungum íbúanna í Sderot þar sem einn maður hefur fallið af völdum Palestínumanna á liðnu ári, hvað hann hefði að segja um það sem palestínsku íbúarnir hefðu mátt þola. Dershowitz hafði lítið um hörmungar Palestínumanna að segja. „Þetta er mest þeim sjálfum um að kenna (self-inflicted)“ svaraði hann. Best að sakfella fórnarlambið. Við þau orð er litlu að bæta. Mörgum rennur þó sennilega kalt vatn milli skinns og hörunds.

Ritað í Skálholti 12. og 26. apríl 2008.





Ísraelsríki 60 ára:

Afurð kynþáttahyggju og nýlendustefnu

Kynþáttahygjan og nýlendu-
stefnan eru tvær uppsprettur
mikilla átaka og hörmunga síðari
tíma. Upphaf og þróun Ísraelsríkis eru
nátengd þessum tveimur fyrirbrigðum
sem hafa mótað svo margt í okkar
samtið. Og ástand mála í Palestínu
verður ekki greint skilmerkilega nema
með því að skoða málin með þetta í
huga.

Kynþáttahygja

Upphaf þess ástands sem nú ríkir í
Palestínu má rekja aftur til ársins 1897 er
hreyfing zionista, undir forystu Theodor
Herzl, hélt sitt fyrsta þing í Basel í Sviss.
Þar var samþykkt að stefna að stofnun
gyðingaríkis í Palestínu þrátt fyrir þá
staðreynd að landið var þegar heimili
annarrar þjóðar. Foringjum zionista var
þetta fullkunnugt, könnunarhópur sem
þingið í Basel sendi til Palestínu kom til
baka með þær upplýsingar að „brúðurin
er falleg en hún er gift öðrum manni“ eins

og það var orðað.

En líkt og landnemar sem réðust inn
á lundur Indíána í Ameríku, þá voru
zionistar ekki að sýta örlög þeirra sem
bjuggu á landinu sem þeir ágrindust.

Þessi afstaða til fólks af öðrum meiði
er kjarni kynþáttahygjunnar, hún hefur
birst oft og víða. Nokkur dæmi úr sögu
seinni tíma er meðferð á frumbyggjum
Ástralíu, kúgun hvítra manna á íbúum
S-Afríku og saga svartra í Bandaríkjum
N-Ameríku. Það er ekki langt síðan



Eftir
Hjálmtý
Heiðdal

þeldökkir íbúar Bandaríkjanna fengu
ekki að ganga í sömu skóla eða ferðast
með sömu strætisvögnum og hvítir
samlandar þeirra. Skýrasta mynd
kynþáttahygjunnar birtist hjá nasistum
sem reyndu að finna kynþáttastefnunni
vísindalegt yfirbragð með hrikalegum
afleiðingum fyrir þá sem þeir töldu óæðri
mannverur.

Kynþáttahygjan hefur látið undan
síga víða, en í Ísrael er hún sjálfur
grundvöllur ríkisins, tryggð í lögum og
hörkulegu hernámi. Landrán zionista
á svæðum Palestínumanna, allt frá
því landi sem SP úthlutaði aröbum til
núverandi Vesturbakka, er skýr birting
kynþáttahygju. Á ný leitar á hugann
samlíking með landnemum N-Ameríku
sem óðu yfir lönd Indíána.

Ísraelskir hermenn hika ekki við að
skjóta flugskeytum eða fallbyssukúlum
inn í þetta íbúðabyggð Palestínumanna.
Þeir ná að drepa einn andstöðumann
og fjögur börn auk móðurinnar í

leiðinni. Þetta er ein birtingarmynd kynþáttahyggjunnar. Líf fólks af öðrum kynstofni er einskis metið. Ísraelar eru aldir upp í kynþáttahyggju, þessvegna getur stór hluti þeirra gert slíka hluti og haldið áfram eins og ekkert hafi í skorist.

Nýlendustefna

Í Balfour-yfirlýsingunni frá 1917 felst stuðningur breskra nýlenduyfirvalda við stofnun gyðingaríkis í hluta Palestínu. Bresk yfirvöld töldu sig þess umkomin að ráðstafa landi araba án þess að spyrja þá nokkurs. Samþykkt þings Sameinuðu þjóðanna um stofnun þjóðarheimilis gyðinga 1947 er aðeins skiljanleg ef hún er skoðuð sem framhald nýlendustefnunnar.

Á þeim tíma eru ráðandi aðildarríki SB enn með fjölda nýlendna undir sinni stjórn. Af 33 ríkjum sem studdu stofnun Ísrael voru 6 nýlenduveldi en meðal þeirra sem voru á móti var aðeins eitt nýlenduveldi (Tyrkland). Bretar, sem höfðu stuðlað að stofnun Ísrael með Balfour-yfirlýsingunni, sátu hjá. Í dag, eftir að fjöldi fyrrum nýlendna hefur fengið fulla aðild að Sameinuðu þjóðunum, er óhugsandi að ákvörðun um stofnun ríkis einnar þjóðar á landi annarar yrði samþykkt á Allsherjarþinginu.

Það er athyglisvert að í september 1947, skömmu áður en Allsherjarþing SB samþykkti skiptingu Palestínu, voru margir sérfræðingar í utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna algjörlega mótfallnir því að BNA styddu skiptingu landsins. Loy Henderson, stjórnandi þeirra deildar innan ráðuneytisins sem annaðist málefni Austurlanda nær, skrifaði minnisblað sem vert er að skoða í ljósi reynslunnar. Henderson skrifaði í skýrslu sinni að skiptingin væri ávísun á endalaus vandræði: „*áætlun nefndarinnar (UNSCOP-sérnefnd SB um málefni Palestínu) er ekki aðeins óframkvæmanleg; ef henni verður hrint í framkvæmd mun það tryggja að Palestínuvandamálið verður varanlegt og enn flóknara eftir því sem tímar líða. Tillögur nefndarinnar sniðganga ekki aðeins grundvallartriði alþjóðasamskipta, en viðhald þeirra þjónar hagsmunum Bandaríkjanna, þær eru einnig andstæðar ýmsum ákvæðum sáttmála SB og grundvallartriðum sem bandarísk stjórnarsýsla byggir á... Tillögurnar sniðganga grundvallarréttindi s.s. rétt til sjálfsákvörðunar og meirihlutavalds. Tillögur sem felast í áætlun nefndarinnar eru ekki aðeins á skjön*

við reglur, í þeim er viðurkennt að byggja megi ríki á trúarlegum grunni og kynþáttamismun og leyfir í mörgum tilfellum mismunun á grundvelli trúar og uppruna gegn fólki sem býr utan Palestínu. Fram til þessa höfum við alltaf fylgt þeirri reglu í samskiptum við önnur lönd, að bandarískir borgarar njóti jafnræðis án tillits til uppruna og trúar. Sú áhersla sem hér er lögð á það hvort menn séu gyðingar eður ei mun örugglega auka þá tilfinningu meðal gyðinga og annarra að þeir hafi sérstöðu. Okkur ber engin skylda til þess að stuðla að stofnun gyðingaríkis“.

Svo mörg voru þau orð. Varnaðarorð Loy Henderson sýna okkur hversu illa var staðið að málum þegar 33 ríki, þar á meðal Ísland, ákváðu að hundsa réttindi Palestínumanna. Afstaða nýlenduveldanna ásamt sögulegum skírskotunum gyðinga og ofsóknum nasista leiddu til stofnunar Ísraelsríkis 1948. Fyrstu afleiðingarnar voru skipulagðar þjóðernishreinsanir, brottrekstur 750,000 Palestínumanna og útþurrkun 300 Palestínskra þorpa af yfirborði jarðar.

Hvað vilja zíonistar í raun?

Sagan um tilurð Ísrael sem zíonistar halda á lofti byggir á margvíslegum blekkingum. Ein helsta röksemdin fyrir grimmd þeirra í viðskiptum við nágrannaríkin og Palestínumenn er sú að á þá hafi verið ráðist strax við stofnun ríkisins. Hið sífellda tal um nauðsyn Ísraela til þess að verja sig er fastur liður í afstöðu íslenskrar utanríkisstefnu gagnvart átökunum fyrir botni Miðjarðarhafs. Allar vestræna þjóðir kyrja þennan söng, meira að segja þegar her Ísraels er komin langt inn í önnur lönd. En nýjar rannsóknir sagnfræðinga í Ísrael sjálfu sýna að það voru hersveitir gyðinga sem höfðu allt frumkvæði í bardögum 1948 og voru miklu betur skipulagðar og betur vopnaðar. Goðsögnin um Ísrael sem Davíð gegn hinum arabíska Gollát stenst ekki rannsóknir. Og það liggur fyrir að það var staðföst ætlun zíonista að leggja undir sig alla Palestínu. Þau 56% landsins sem SB úthlutaði þeim var aðeins upphafið. Þetta er staðfest í ævisögu Ben-Gurions, fyrsta forsætisráðherra landsins. Í bréfi til sonar árið 1937 upplýsti hann „*að gyðingaríki á hluta landsins er ekki lausnin, það er aðeins upphafið. Stofnun slíks ríkis gyðinga þjónar aðeins hinu sögulega takmarki okkar að ná öllu landinu...við munum skipuleggja nútímalegt varnarlið... og ég*



er viss um að ekkert mun hindra landnám okkar í öðrum hlutum landsins, við náum því ýmist með samningum við arabíska nágranna okkar eða með öðrum hætti... við munum reka arabana burt og yfirtaka land þeirra... með þeim hernaðarmætti sem við búum yfir“.

Í fyrirlestri þ. 29. október 1936 lýsti Ben-Gurion þessari stefnu og síðar gaf hann Elimelech Slikowitz, foringja í Haganh hersveitunum, fyrirmæli um að undirbúa hernaðarlega yfirtöku á allri Palestínu (þ.e. því svæði sem Bretar stjórnðu).

Landtökubýggðir og „friðarferli“

Þau atriði sem hvað oftast eru nefnd í umfjöllun fréttamiðla um Ísrael og Palestínu eru „friðarferli“ og stækkun landtökubýggða á Vesturbakkanum.

Svokallaðar friðarviðræður ganga út á það að koma á fót ríki Palestínumanna við hlið Ísraels. Þetta er yfirlýst markmið viðræðna sem hafa staðið með hléum um



áratuga skeið. Landránið er af tvennum toga – annarsvegar hið trúarlega tilkall og hinsvegar einbeittur ásetningur að taka þetta land vegna landgæða og varnarhagsmuna, þ.e. stækkun landssvæðisins með tilliti til hernaðarlegar stöðu. Það er einnig liður í þessari stefnu að skapa stöðu (facts on the ground) sem gerir það í raun ómögulegt að koma á fót ríki Palestínumanna á þeim landtætlum sem þeir ráða í dag. Þetta er kjarni málsins og útskýrir það hvers vegna Ísraelsher grípur alltaf til mjög magnaðra fjöldamorða þegar nýjar „friðarviðræður“ virðast í uppsiglingu. Það skýrir einnig þá furðulegu staðreynd að á sama tíma og Ísraelar ganga að samningaborði er verið að stækka múrinn og landtökubyggðirnar af miklum móð. Ehud Barak, fyrrverandi forsætisráðherra og núverandi varnarmálaráðherra, þykist vera maður friðar en bygging landtökubyggða tók mikinn kipp á valdatíma hans. Orð og efndir geta ekki farið saman þegar markmiðið

er yfirráð yfir allri Palestínu eins og Ben-Gurion boðaði.

Eitt ríki í raun

En það er ein staðreynd sem varpar ljósi á vonlausu stöðu Ísraelsríkis; staðreyndin er sú að þetta svæði er orðið eitt ríki nú þegar. Ísraelsstjórn ræður öllu landssvæðinu, bæði því sem SP úthlutaði þeim og öllu hinu sem var ætlað heimamönnum. Þetta ríki er hinsvegar á skjön við allt sem telst vera eðlilegt ríki í dag. Helmingur íbúanna er réttláus, lifir við fátækt og ofsóknir afkráður með múr og gaddavir á litlum hluta þess svæðis sem forfeður þeirra byggðu. Og sá hluti íbúanna sem ræður öllu í krafti hernaðaryfirburða getur ekki snúið til baka til þeirra stöðu sem er yfirlýst markmið „friðarviðræðanna“. Stofnun raunverulegs ríkis Palestínumanna myndi kosta slíka eftirgjöf af hálfu zíonista að það er í raun óhugsandi og algjör dauðadómur yfir þeirri stefnu. Þegar hluta

zíonista þótti Rabin forsætisráðherra hafa gengið oft langt til móts við sjónarmið Palestínumanna, þá var hann drepinn. Sem stendur virðist það vera stefna zíonista að reyna að fá fulltrúa Palestínumanna til að fallast á að kom á fót ríki sem verður á u.þ.b. 13% þess lands sem Palestínumenn bjuggu á fyrir tilurð Ísraelsríkis. Þetta ríki mun skiptast í aðskilin svæði, umlukið Ísraelskum herjum, án lofthelgi og með takmörkuð yfirráð yfir vatnslindum Vesturbakkans. Draumur zíonista um að geta haldið milljónum manna í ánaud og kynnt Ísrael útávið sem nútímalegt lýðræðisríki gengur ekki upp. Internetið er fyrirbrigði sem getur eyðilagt þennan draum. Í dag er netið slík uppspretta upplýsinga um framferði Ísraela að enginn leið er til þess að fela eðli zíonismans.

Öfgar og öngstræti

Kannanir sýna að um 70% Evrópubúa telja í dag að Ísrael sé ein mesta ógnunin



við heimsfriðinn. Hvaða álit verður uppi ef heimsbyggðin sér það svart á hvítu að viðræður um frið og tveggja ríkja lausn er hvergi í sjónmáli vegna þess að annar aðilinn mun ekki geta uppfyllt skilyrðin? Það er liður í áróðri zíónista að láta sem andspyrna Palestínumanna sé orsök átakanna, þess vegna verði þeir að sýna slíka hörku í miðjum „friðaviðræðunum“. Svona hyggjast þeir draga málin á langinn þar til þeim hefur tekist að flæma Palestínumenn af landi sínu. Það verður auðvitað aldrei og því mun það blasa við komandi kynslóðum Ísraels að þeir eru í öngstræti. Þessa er þegar farið að gæta í Ísrael, ungt menntað fólk yfirgefur landið og leitar á önnur mið.

Brestir eru einnig komnir í samstöðu á æðstu stöðum. Avraham

Burg er fyrrverandi þingmaður og þingforseti þjóðþings Ísraelsmanna, Knesset. Hann var einnig forseti Alþjóðasambands zíónista og í skamman tíma forseti Ísrael. Avraham Burg olli miklu uppnámi í Ísrael þegar hann skrifaði bók þar sem hann gerir upp við Ísraelsríki m.a. með því að skrifa: *“Ísraelsríki er ekki laust við viðhorf sem einkenndu Þýskaland nazismans. Það verður að leggja Ísrael niður sem gyðingaríki. Ísrael hefur notfært sér Helförina til að afsaka eigin voðaverk á hendur Palestínumönnum og Libönnum. Hugmyndin um gyðinga sem Guðs útvöldu þjóð hefur stutt við bakið á kynþáttakenningum gyðinga”*.

Avraham Burg hefur nú yfirgefið Ísrael og telur það á barmi hyldýpis:

„Ríki sem ekki byggir á réttlæti á sér enga framtíð”, segir hann í kveðjuskyni.

En öfgar zíónista vaxa jafnframt eins og eðlilegt er í hernaðarríkinu Ísrael. Rabbíinn Mordechai Eliyahu, einn leiðtoga hörðustu landtökumannanna, vakti athygli er hann skrifaði í bréfi til ríkisstjórnar Ísraels að ekki megi undir neinum kringustæðum sýna íbúum Gazasvæðisins linkind ef það ógni lífi ísraelskra hermanna. Sonur Mordechai, Shomuel, sýndi sinn skilning á orðum

föður síns og sagði að ef dráp á 100 Palestínumönnum dygði ekki til að stöðva sendingar á Qassam eldflaugum þá verður að drepa 1,000 og ef það dugar ekki þá skal drepa 10,000, síðan 100,000 og allt að einni milljón. Allt þetta til þess að stöðva eldflaugaárásir sem hafa drepið innan við tug Ísraels á þremur árum. Slíkar eru öfgar zíónisku kynþáttahyggjunnar.

Framtíðin

Ísrael á sér ekki framtíð í núverandi mynd og ekki með núverandi stefnu. Þrá gyðinga eftir eigin landi er skiljanleg, ekki síst eftir þær hörmungar sem þeir máttu þola í seinni heimsstyrjöldinni. Það er því kaldhæðni sögunnar að stefna zíónismans, byggð á kynþáttahyggju, skuli leiða þá í spor sinna kúgara – þeir eru í dag þjóð sem hersitur og kúgar aðra. Slík þjóð getur aldrei verið frjáls, ekki frekar en sú þjóð sem hún hneppir í fjöttra. Þetta er hin ömurlega mynd sem blasir við á sextíu ára afmæli ríkisins sem margir bundu svo miklar vonir við.

Starfsemi félagsins frá síðasta tölublaði

Á undanförunum mánuðum hefur starfsemi Félagsins Ísland-Palestína verið mikil. Palestínumaðurinn Ali Zbeidat kom til Íslands í janúar. Hann býr í bænum Sakhnin, innan landamæra Ísraels, og berst fyrir mannréttindum Palestínumanna sem búa í Ísrael, meðal annars réttinum til húsa sinna og eigna, og hefur eytt mörgum árum ævi sinnar í fangelsi fyrir friðsamlega baráttu. Zbeidat talaði á opnum fundi félagsins í Alþjóðahúsi þann 5. janúar og veitti Frjálsri Palestínu viðtal sem lesa má í þessu tölublaði.

Grafíklistakonan Sigríð Valtingoyr fór sem sjálfboðaliði til Palestínu árið 2003. Í janúar sýndi hún grafíkmyndaröð sem nefnist Ferð án endurkomu í Gallerí Start Art, ásamt textum og teikningum úr dagbókum hennar frá Palestínu.

Þann 5. mars hélt félagið útifund á Lækjartorgi, þar sem herkvinni um Gaza var mótmælt. Sveinn Rúnar Hauksson formaður stjórnaði fundinum og ræðumenn voru Katrín Fjeldsted heimilislæknir og Ögmundur Jónasson alþingismaður og formaður BSRB.

Á aðalfundi félagsins þann 30. mars hélst stjórnin óbreytt, utan að Eva Líf Einarsdóttir hætti í henni og Þóra Karítas Árnadóttir var kjörin í hennar stað.

Félagið hélt röð kvikmyndasýninga í Alþjóðahúsinu á vormisseri. Sýndar voru myndirnar Occupation 101, Goal

Dreams – A Team Like No Other, Private, Palestine is Still the Issue and Until When...

Þann 21. apríl bárust af því fréttir að Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, væri væntanlegur til landsins daginn eftir og ætti fundi með íslenskum ráðamönnum áður en hann flygi áfram til Bandaríkjanna. Við þetta tækifæri var Amal Tamimi skipuð ræðismaður fyrir Palestínu á Íslandi.

Þann 23. apríl fluttu G. Rósa Eyvindardóttir og Vésteinn Valgarðsson erindi í Friðarhúsi um 6. Cairo-ráðstefnuna um lýðræði og frið í Mið-Austurlöndum, þar sem baráttan fyrir frjálsri Palestínu og gegn zíónismanum voru meðal helstu mála á dagskrá.

Fimmtudagskvöldið 15. maí hélt félagið opinn fund á Kaffi Reykjavík til að minnst þess að 60 ár voru liðin frá hernámi Palestínu. Yfirskrift fundarins var Nakba – 60 ára hernám Palestínu – saga hörmunga, landflóttu, hernáms og andspyrnu. Jón Baldvin Hannibalsson frv. ráðherra og Salmann Tamimi fluttu ræður og heimildamynd eftir breska blaðamanninn John Pilger var sýnd.

Það sem af er árinu hafa fimm Íslendingar farið til Palestínu fyrir milligöngu félagsins. Þetta eru: Þorbjörg Sveinsdóttir, Anna Tómasdóttir, Einar Teitur Björnsson, Stefán Ágúst Hafsteinsson og Yousef Ingi Tamimi.

Vésteinn Valgarðsson, ritari FÍP

Ísrael byggir á nýlendustefnu og rásisma“

— segir Ali Zbeidat

Það var seint um kvöld í janúar sl. sem ég kom á heimili Sveins Rúnars Haukssonar, lækni og formanns Félagsins Ísland-Palestína, til að taka viðtal við Ali Zbeidat. Ali Zbeidat er Palestínamaður, búsettur í Sakhnin, sem nú liggur innan landamæra Ísraelsríkis. Hann hefur í áráraðir barist fyrir mannréttindum Palestínumanna sem búa innan landamæra Ísraels (stundum kallaðir ísraelskir arabar) og er fyrrum pólitískur fangi. Hann hefur verið framarlega í baráttunni gegn niðurrifi Ísraels á íbúðarhúsum Palestínumanna, sem hann hefur sjálfur reynslu af. Hann kom til Íslands á vegum Félagsins Ísland-Palestína og hélt opinn fund í Alþjóðahúsinu, en auk ræðu sem hann hélt var sýnd 25 mínútna heimildamynd um eyðileggingu palestínskra íbúðarhúsa. Ali hafði verið í viðtölum allan daginn þegar mig bar að garði og átti að fljúga af landi brott daginn eftir, en samt gaf hann sér tíma til að ræða við mig. Það stóð heldur ekki á svörum.

Ali: „Fyrst vil ég nefna að fyrir 1948 var Palestína eitt land. Það gekk undir nafninu Palestína öldum saman og fólk bjó þar. Ísrael varð til fyrir tilstilli Bandaríkjanna, Evrópu og annara ríkja og Sameinuðu þjóðirnar kváðu á um að Palestínu yrði skipt í tvennt, en þegar til átti að taka hertóku gyðingar 78% af Palestínu strax árið 1948 og hin 22% landsins voru hertekin árið 1967. Hvar sem ég fer legg ég áherslu á að það gleymist ekki, að hertekna landið er einnig það sem var hertekið árið 1948. Það sama gildir um það og Vesturbakkanum og Gaza, það er enginn munur þar á. Fyrir okkur er öll Palestína hertekin.

Ég álít Ísrael ekki lögmætt ríki. Það er runnið undan rifjum zionista og byggir á nýlendustefnu og rásisma, bæði hugmyndafræðilega og í verki, og hefur verið þannig í heil 60 ár. Á þessum 60 árum urðu 2/3 Palestínumanna flóttamenn. 97% landsins var gert upptækt, 530 þorp voru jöfnuð við jörðu. Slíkt ríki getur ekki verið ríki Palestínumanna. Þvert á



Viðtal:
Einar Steinn Valgarðsson

móti var það reist á rústum palestínsks samfélags. Núna reyna margirekki aðeins að sundra landi Palestínumanna heldur Palestínumönnum sjálfum. Þeir halda að hver reyni að leysa vandamál sín á eigin hátt í sínu horni, Palestínumenn á Gaza sér, þeir á Vesturbakkanum sér, að þeir í Ísrael þurfi að finna sínar eigin lausnir innan Ísraelsríkis og að flóttamennirnir í Líbanon og Sýrlandi þurfi að finna lausn á vanda sínum fjarri þorpunum sínum og heimilum.

Við leggjum áherslu á það að við erum ein þjóð, hvar sem við erum og hvað sem líður stjórnmálaástandinu sem veldur núna sundrung – við álitum okkur eina þjóð Palestínumanna alls staðar. Eins og aðrar þjóðir hafa Palestínumenn sjálfstjórnunarrétt, rétt til sjálfsvarnar og til að snúa aftur til lands síns og heimila. Þess vegna segjum við að réttur flóttamanna sé lögmætur – grundvallarréttindi sem við munum aldrei hvika frá.“

Ali kemur frá bænum Sakhnin í Galíleu. Hann segir suma telja Galíleu til Ísraels, en Ali segir bæinn sinn vera palestínskan þótt bærinn og landið séu hernúmin. Þar sæti fólk í senn hernámi, mismunum, húsastrústunum og aðskilnaðarstefnu. Landtökubýggðir séu út um allt og þess vegna sé Palestínumönnum meinað að þróast, að þróa samfélagið og þorpin, og allt starf hans miði að því að berjast fyrir lögmætum réttindum þeirra. Þetta þýði að fólk sé andvigt yfirráðum zionista á landinu þeirra, sem það telur ólöglegt.

Ali segist hafa verið dæmdur nokkrum sinnum í fangelsi fyrir baráttu sína fyrir lögmætum réttindum Palestínumanna. Einu sinni hafi hann setið sex ár inni og einu sinni þrettán ár. Hann hafi sætt ferðatakmarkunum, verið haldið í stofufangelsi mörgum sinnum og verið hnepptur í varðhald svo vikum og mánuðum skipti. Þrátt fyrir það



hafi baráttu hans og félagar hans verið friðsamleg; fólk hafi einungis farið í kröfugöngur og þess háttar, en jafnvel slíkt sé bannað.

Ali segist gáttaður á því hversu margir trúir lygninni um að Ísrael sé eina lýðræðisríkið á svæðinu. Sé nokkurt lýðræði einskorðist það við landtökumennina, fasíska Ísraels sem séu vopnaðir og ofsæki Palestínumenn hvarvetna á Vesturbakkanum og um alla Palestínu. Kannski hafi þeir eitthvað lýðræði en fyrir Palestínumenn sé ástandið verra en undir nokkurri einræðisstjórn.

Ali segir mér nánar frá ástandinu í fangelsunum í Palestínu. Þar séu nú 11.500 fangar, sem hann telur að sé hæsta hlutfall í veröldinni. Meðal þeirra séu núna um 100 ungmenni undir sextán ára aldri. Samkvæmt alþjóðalögum sé þetta ólöglegt, en Ísrael virði ekki nokkur alþjóðalög. Aðstæður fanganna segir hann afar slæmar. Flest fangelsin séu í Negev-eyðimörkinum. Þar sé afar heitt á sumrin og afar kalt á veturna, illa sé hlúð að heilbrigði þeirra, verðirnir komi illa fram við þá, yfirvöldin setji þeim endalausar skorður, sérstaklega heimsóknum frá fjölskyldum þeirra. Fangarnir búa að auki við slæman mat og stöðuga ólykt. Þeir hafi þurft að berjast lengi fyrir að fá að búa við eilíftið mannúðlegri aðstæður, fyrir að fá einum brauðmola meira með matnum sínum eða stöku heimsóknir frá ættingjum.

„Í mörg ár þurftu palestínskir fangar að greiða þetta dýru verði; um tvö hundruð manns létust innan fangelsismúra vegna illrar meðferðar af hálfu ísraelskra yfirvalda. Þess vegna teljum við að frelsun fanganna sé eitt mikilvægasta mál í allri réttindabaráttu Palestínumanna.“

Ali segir húsið sitt, sem sé í hættu á að vera rífið, ekki einsdæmi, það séu um 30.000 palestínsk hús sem eigi á hættu að

vera rifin í Galíleu einni. Þetta sé einfalt, stefna Ísraels liggja ljós fyrir: Þeir vilji eins mikið af landi og hægt er, með sem fæstu fólki. Ísraelar beiti hvarvetna miklum þrýstingi til að framfylgja þessari stefnu og þar af leiðandi fái Palestínumenn ekki leyfi til að byggja ný hús og erfiðast sé þetta fyrir ung pör. Það sé orðið stærsta vandamál arabískra bæja og þorpa að fá ekki rými til að þróast og fólki sé meinað að byggja ný hús eða önnur nauðsynleg mannvirki. Palestínumenn hafi erfð þetta land frá forfeðrum sínum og byggt þar og búið kynslóðum saman frá því löngu áður en Ísraelsríki var stofnað, og telji sig því eiga fullan rétt á að byggja húsin sín á landinu sínu í þorpunum sínum. Ali telur að flestir hafi lært af því sem gerðist árið 1948. Hlutirnir séu erfiðari núna, en fólkið muni halda áfram að standa fast á landinu sínu og hvergi gefast upp. Þetta snúist um land og allt það sem sé að gerast núna á pólitíska sviðinu.

Ég spyr Ali hvort hann og félagar hans hafi unnið með öðrum friðar- eða mannréttindahreyfingum og hvernig sú samvinna hafi þá gengið.

„Fyrir löngu starfaði ég með ýmsum stjórnálflokkum og öðrum hreyfingum en ég vinn núna sjálfstætt með öðrum einstaklingum. Ég trúi ekki lengur að nokkur stjórnálflokkur geti talað í nafni fólksins. Flokkarnir hafa sína eigin stefnuskrá. Stundum erum við sam-mála og stundum vinnum við saman, en stundum ekki. Fyrir mig skipta stjórnálflokkar ekki miklu máli, heldur aðeins fólkið sjálft. Ég vinn því mest beint með því og það er fjöldi einstaklinga og hópa sem hafna stjórnálflokkum, sem vinna þessi störf.“

Ég bið Ali að segja mér nánar frá hans eigin reynslu af því þegar átti að rífa húsið hans. Hvernig það atvikaðist, upplifun hans, hvernig Ísraelar hafi reynt að réttlæta það, um lagalegar leiðir til að áfrýja og hvernig málið gekk fyrir rétti.

„Í heimabænum mínum, Sakhnin, búa um 20.000 íbúar. 90% landsins var gert upptækt og lagt undir landtökubýggðir eða herbúðir umhverfis Sakhnin. Það eru 30 landtökubýggðir umhverfis bæinn og þær eru sameiginlega kallaðar Mis-gav. Samtals eru búa 15.000 manns í landtökubýggðunum og ráða yfir 183 ferkílómetrum lands, en íbúar Sakhnin eiga aðeins 9 ferkílómetra.


Ég bjó í nokkur ár í Hollandi og sneri aftur til Sakhnin árið 1994. Ég bjó þar í 4 ár í litlu húsi með bróður mínum. En að því kom, að ég var kominn með fjölskyldu og bróðir minn var með enn stærri fjölskyldu, og húsið rúmaði okkur ekki öll. Við eigum landskíka sem tilheyrði föður okkar, það er meira að segja skráð hjá yfirvöldum í Ísrael, það leikur enginn vafi á eignarrétti okkar, svo ég reyndi að byggja lítið hús

á þessari landareign, sem er umkringd húsunum í Sakhnin á þrjá vegu. Ég leitaði til skipulagsstofnunar, sem sagði mér að þessi landskíka tilheyrði Misgav, þ.e. landtökubýggðunum. Ég veit ekki hvernig hann lenti þar, en öll kortin eru teiknuð hjá innanríkisráðuneytinu í Jerúsalem án þess að það sé borið undir neinn. Ég fór því til landtökubýggjarinnar og bað, rétt eins og aðrir borgarar, um leyfi til að byggja hús. Ég þurfti að bíða í 4 ár þar til þeir gáfu mér skýra neitun, þeir vildu ekki leyfa mér að byggja húsið mitt.

Eftir að ég gafst upp á þessu lagaferli, sem var í raun alls ekki löglegt í mínu tilfalli, byggði ég húsið mitt bara samt og fjöldi fólks, jafnvel úr öðrum þorpum og bæjum, aðstoðaði mig. Ég byggði húsið mitt í leyfisleysi árið 1998. Ég fékk samstundis fyrirskipun um að rífa húsið, annars myndu þeir senda herinn, jarðýtur og lögreglu til að gera það innan þriggja sólarhringa. Ég flýtti mér því að hafa samband við fjölda fólks frá Sakhnin og þúsundir fólks dreif að, reiðubúið að leggjast fyrir jarðýturnar ef með þyrfti.

Þegar yfirvöld sáu hversu alvarlegt málið var og hvert gæti stefnt, hættu þau við að senda jarðýturnar á svæðið. Þess í stað var ég kærður fyrir að byggja húsið mitt ólöglega. Dómstóllinn vinnur eftir rasískum aðskilnaðarlögum og mér var sagt að ég þyrfti að fá leyfi, annars yrði húsinu mínu einfaldlega rústað og ég var látinn greiða háa sekt.

Kaldhæðnin og harmleikurinn í þessu öllu saman er að ég get ekki fengið leyfi, af þeirri einföldu ástæðu að þeir úthluta ekki leyfum. Fjöldi fólks reyndi þó að hafa áhrif. Borgarstjórinn í Sakhnin, nefndin sem átti að fylgja tilskipuninni eftir, og jafnvel þingmenn í Knessetinu stigu fram og sögðu að það væri fáránlegt og órókrétt að neita mér leyfi til að byggja húsið. Málin standa þannig að við höfum skipulagsnefndir sem eru skipaðar af yfirvöldum, og hlutverk þeirra er að finna leiðir til að hindra borgarana í að geta fengið tilskilin leyfi í stað þess að hjálpa fólki að skipuleggja sig eða fá leyfin. Fram til dagsins í dag höfum við staðið í baráttu á réttarsólum, í Knessetinu og meðal almennings til að fá því framgengt að þessi svokölluðu ólöglegu hús verði úrskurðuð lögmæt, og mitt hús er þar á meðal. Það var byggt í trássi við lög, en það stendur enn og ég bý þar með fjölskyldunni minni. Á hverri stundu gæti það samt verið rífið. Ég, konan mín, börnin mín og margir íbúanna í Sakhnin höfum hins vegar einsett okkur að ef nokkur dirfist að rústa húsinu okkar, þá munum við falla með því og sá hinn sami neyðist þá til að grafa okkur undir húsarústunum. Við eigum ekki í nein önnur hús að venda og við getum ekki sætt okkur við að reistar séu gríðarstórar



landtökubýggðir – það er ekki einu sinni búið í þeim öllum – á meðan fjölskyldu er bannað að reisa sér lítið hús til að skýla sér um vetur. Svona standa sem sagt málin með húsið mitt.“

Ég spyr hann nánar hvort honum sé virkilega engin leið fær samkvæmt lögum þar í landi.

Ali segir lögin byggð á rasisma, eins og annað. Það sé ekki hægt að áfrýja til laga sem séu hönnuð til að vinna gegn manni. Hann hafi reynt að áfrýja til æðri dómstiga, en það hafi verið sama sagan. Svona sé þetta víðar en í Sakhnin, þetta sé svona alls staðar og sum staðar jafnvel verra en hjá honum sjálfum. Til dæmis vilji Ísraelar rústa heilu þorpunum í Negev, þar sem fjöldi palestínskra bedúína býr – þar séu um 40 þorp sem séu „ekki viðurkennd“.

„Þeir vilja ekki eyða einu og einu húsi heldur vilja þeir safna öllum bedúínunum saman á einn stað, en það eru um 70.000 manns, og smala þeim í einn bæ þar sem alla innviði vantar og þróunaraðstoð er engin. Þeir umturna lífsviðurværi þeirra. Þeir vilja ekki að íbúarnir séu fjárhírðar eða bændur áfram, heldur vilja þeir taka land til að byggja landtökubýggðir og herbúðir. Ástandið er því miklu miklu, verra þar heldur en hjá okkur norður í



Galíleu.“

Ég spyr hvort yfirvöld hafi gefið út einhvers konar yfirlýsingu eða reynt með öðrum hætti að réttlæta það að þau vildu láta rífa hús Alis.

Ali segir núna vera starfandi sérstakt ráðuneyti fyrir þetta sem nefnist Þróunarstofnun Galíleu og Negev. Í raun sé þróunaraðstoð hennar samt ekki fyrir Palestínumenn, heldur aðeins fyrir landtökumennina.

Hann segir Ísraela vilja safna Palestínumönnum saman í samanþjöppuðum háhýsabyggðum í stað lágreistra húsa í dreifbýli, undir því yfirskyni að þeir vilji hjálpa þeim að „þróast“, en í raun sé þetta aðeins til að Ísraelar geti tekið meira land af þeim. Ef ísraelsk fjölskylda vill fá leyfi til að reisa hús einhvers staðar þá fær hún öll þau leyfi sem henni sýnist. Í Negev séu meira að segja til svokallaðar einstaklingslandtökubyggðir, þar sem ein manneskja getur sest að, ein eða með litla fjölskyldu og fengið viðurkenningu, aðstoð og hvaðeina. Alls staðar í heiminum séu borgir en það segi enginn, t.d. í Bandaríkjunum, að þeir vilji rústa ákveðnu þorpi til að þorpsbúar „geti“ flutt til borganna. Þetta sé allt ein stór lygi til að koma höndum yfir meira land. Fram til 1948 tilheyrðu 97% landsins aröbum en

nú eiga þeir minna en 3%. Nú viðurkenna Ísraelar að baráttan snýst um land. Ali segir að ein stærsta lygi zionismans sé þegar þeir sögðu fyrir 120 árum að þeir væru landlausir menn að flytja til mannaless lands. Þeir vildu sanna þessa kenningu sína, en það var bara þjóð fyrir í landinu. Þar voru bændur, menn bjuggu þar og störfuðu – þetta var helber lygi.

Ég spyr Ali um heimildamynd sem var sýnd í Friðarhúsinu, sem fjallaði um hvernig Ísraelar rústa húsum Palestínumanna og viðnám þeirra gegn því. Ali Zbeidat gegnir stóru hlutverki í þeirri mynd, þar sem hann segir sögu sína og frá ástandinu og baráttunni gegn niðurrifinu.

„Norskur fréttamaður og heimildamyndagerðarmaður gerði myndina. Hann hafði dvalist og unnið á margvíslegum stöðum í Palestínu. Við unnum saman og tókum húsið mitt sem dæmi, en töluðum líka um niðurrifsstefnuna í víðara samhengi. Við sýndum myndina í Reykjavík þar sem fjöldi fólks sá hana. Málið lá afar ljóst fyrir og ég skynjaði að öllum líkaði myndin og skildu vandamálið.

Við sýndum líka á hátíðum í Hollandi, í Noregi og víðar; hún fékk 2. verðlaun á kvikmyndahátíð í Los Angeles og var

sýnd á nokkrum stöðum þar. Í Palestínu sýndum við hana í Nasaret, Jerúsalem og Sakhnin. Þessi mynd er í raun ekki pólitísk eða áróðurskennd, þetta er bara heimildamynd og við sýnum myndir af húsinu, við töluðum við fólk sem var orðið heimilislaust og við fólk sem reyndi að skilja hvað fengi Ísraela til að gera þetta. Ég tel myndina afar fræðandi, góða heimildamynd.“

Ég spyr hvort viðbrögðin við myndinni hafi þá almennt verið jákvæð.

Ali: „Hingað til hef ég aðeins heyrt jákvæð viðbrögð.“

Einnig í Ísrael?

„Sumir sýndu afar jákvæð viðbrögð. Það fór eftir því hverjum hún var sýnd. Fólk á hægri vængnum kemur ekki til að sjá svona myndir. Aðrir mannréttindasinnar og aktivistar, hvort sem um var að ræða einstaklinga eða hreyfingar, lýsti mikilli ánægju með hana.“

Var myndin sýnd í almennum kvikmyndahúsum í Ísrael?

„Hún var um tíma tekin til sýninga í einu kvikmyndahúsi. Þetta er í fyrsta sinn sem við gerum heimildamynd um þetta efni, en vandamálið sjálft er mjög vel þekkt. Nú erum við komin með fjöldahreyfingu og hvenær sem við heyrum að yfirvöld vilji rífa nokkurt hús nokkurs staðar, þá er strax gripið til aðgerða: Við fylkjum öll liði og sýnum samstöðu, stundum dveljum við alla nóttina við húsið til að hindra jarðytturnar. Síðasta atvikið átti sér stað fyrir þremur vikum í þorpi sem heitir Hara. Þar átti að rústa þremur húsum en hundruð manna þustu til og komu í veg fyrir það. Í sumum tilvikum, þegar þorpin

eru lítil og langt í burtu, tekst yfirvöldum að láta rústa húsunum, en við höfum stöðvað það víða annars staðar. Það er ekki lengur eins auðvelt fyrir yfirvöld að gera þetta.“

Ég bið Ali að segja mér nánar frá því hvernig ástandið á Gaza horfi við honum og hvaða augum hann líti ráðstefnuna í Annapolis.

Ali lýsir því hvernig hann les á hverjum degi um dráp á Gaza. Þar sé fólk drepið svo til daglega og Palestínumenn séu hættir að telja mannfallið. 17 manns hafi verið drepnir á þeim tveimur mánuðum sem liðnir séu frá ráðstefnunni í Annapolis í nóvember 2007. Landtökubyggðunum fjölgar og þær eru stækkaðar. Nú sé verið að byggja nýja landtökubyggð í Jerúsalem og áfram sé haldið að byggja múrinn. Hann segir ástandið á Gaza vera stríðsglæp, glæp gegn mannkyni. Fólkið sem beri ábyrgð á því ætti að vera dregið fyrir alþjóðlegan stríðsglæpadómstól. Glæpir þeirra séu þekktir, glæpir Baraks, Sharons, Mofaz og Dan Halutz, og allir viti upp á hár hvað þeir hafi unnið til saka. Til allrar hamingju sé fólk núna orðið meðvitað um þetta, og Ali nefnir sem dæmi að 15 háttsettir yfirmenn Ísraels hers þori ekki að fara út fyrir Ísrael, því víða starfi samstöðuhreyfingar að því að fá þá dregna fyrir rétt og ákærða. Síðasta dæmið hafi verið í London, þegar yfirmaður heraflans þorði ekki þangað vegna þess að mannréttindasamtök gyðinga, Palestínumanna og Englendinga hafi verið tilbúin með kærur til að leggja fram gegn honum. Ali og félagar hans krefjast þess að ísraelskir stríðsglæpamenn verði dregnir fyrir alþjóðadómstól sem fyrst.

Ali segir þjóðernishreinsanir nú eiga sér stað á Gaza. Hann lýsir því hvernig innflutningur á lyfjum hafi verið stöðvaður, skorið hafi verið á rafmagn, fólk svelt og Sameinuðu þjóðirnar vari við síversnandi ástandinu. Ali segir það ekki aðeins vera Ísraelsher sem beri ábyrgð á ástandinu, heldur alþjóðasamfélagið líka, sérstaklega Bandaríkin og ESB. Allir sem viti af ástandinu og geri ekkert séu meðsekir og verði að svara til saka fyrir það. Þetta sé harmleikur Palestínumanna og ef sömu atburðir gerðust annars staðar væru viðbrögð umheimsins önnur. Það þurfi að stöðva Ísrael áður en allt fari í bál og brand. Ali segir fólk ekki telja að Bandaríkjastjórn áhugasama um að semja um frið. Nú sé Bush í heimsókn í Ísrael, sem sé að sjálfsögðu eina landið í Mið-Austurlöndum sem hann heimsæki því hann sé ekki velkominn annars staðar. Ali segir friðartal Bush einungis hafa verið sjónarspil. Hann hafi logið að umheiminum og jafnvel sjálfum sér þegar hann lofaði að friður yrði kominn á fyrir árslok 2008. Hann segir Bush ekki hafa frið í huga heldur vilji hann þvert á

móti safna liði í stríð gegn Íran. Það sé meginmarkmið heimsóknarinnar.

Aðspurður um hvaða mögulegar lausnir hann sjái í stöðunni, segist Ali ekki trúa því að hugmyndin um tvö ríki muni ganga. Ísrael og Bandaríkin hafi eyðilagt alla möguleika á ríki á Vesturbakkanum. Það sé ekki hægt að reka lífvænlegt ríki með 600 km langan, 8 metra háan múr með 600 eftirlitsstöðum, sem aðskilji þorp frá þorpi, fjölskyldur frá fjölskyldum og nemendur frá skólunum sínum. Þetta eigi sér enga hliðstæðu í sögunni. Landtökubyggðir og eftirlitsstöðvar séu hvarvetna.

Ali segir landtökubyggðirnar skipta Vesturbakkanum í fjóra eða fimm meginhluta, og allar samgöngur þar á milli séu ómögulegar. Hann spyr hvers konar ríki það eigi að vera. Ísraelskir og palestínskir stjórnálamenn séu líka margir hverjir sannfærðir um það sín á milli, að tveggja ríkja lausnin muni ekki duga. Sjálfur segist hann skynja aukið fylgi við eins ríkis lausnina, og segist telja að trú á henni muni fara vaxandi. Til skamms tíma litið játar hann að hann sé ef til vill svartsýnn, en til lengri tíma litið sé hann hins vegar mjög bjartsýnn og telji að ástandið eigi eftir að breytast og batna þótt það sé ólíft núna.

Þar sem landamærin frá 1967 eru einu landamærin sem Sameinuðu þjóðirnar viðurkenna og eru viðurkennd alþjóðlega, spyr ég Ali hvort hann samþykkti sjálfur lífvænlegt ríki innan þeirra landamæra ef það byðist, og eins hvort hann telji Palestínumenn almennt mundu fallast á slíkt.

Ali segist ekki telja að slíkt tilboð kæmi nokkurn tímann. Hann segist telja að friður samræmist ekki núverandi eðli Ísraels. Það sé ekki hægt að búast við að hægt sé að semja um raunverlegan frið við ríki sem byggist á nýlendustefnu og rasisma. Hann leggur áherslu á að aðskilnaðarstefna ríki í Ísrael og líkir ástandinu við Suður-Afríku á tíma apartheid-stjórnarinnar. Ótta gyðinga við að verða „bolað út í sjó“ muni ekki linna fyrr en aðskilnaðarstefnan verði upprætt, rétt eins og gerðist í Suður-Afríku. Þar búi hvítir menn ennþá og hafi það betra en víða annars staðar.

Ég spyr Ali hvort hann telji almenning á svæðinu munu knýja fram eitt ríki fyrir alla, eins og hann lýsti, eða hvort alþjóðlegs þrýstings og íhlutunar sé þörf til þess að slíkt geti orðið.

Ali telur að þrýstingurinn verði að hefjast meðal fólksins í landinu, hann verði að koma frá Palestínumönnum og þeim gyðingum sem hafna zionisma. Að sjálfsögðu þurfi utanaðkomandi þrýstingur líka að koma til og þetta tvennt sé hvort tveggja nauðsynlegt. Ali segist vera vongóður. Ísrael neiti enn

að axla ábyrgð á því sem gerðist 1948 og hafni rétti flóttamanna til að snúa aftur til heimkynna sinna. Þeir neiti að fjarlægja landtökubyggðirnar og vilji halda áfram uppbyggingu múrsins. Þeir neiti Palestínumönnum í Jerúsalem um réttindi sín. „Hvernig er hægt að semja um frið, um eitt ríki eða tvö við svona aðstæður?“ Það verði að snúa baki við zionisma, landráni, aðskilnaðastefnu og rasisma. Hann telur einu lausnina felast í veraldlegu lýðræðisríki þar sem allir íbúarnir standi jafnir.

Ég spyr Ali hvað hann telji að umheimurinn, bæði stjórnvöld og venjulegt fólk, geti lagt jákvætt af mörkum, og nefni sérstaklega Ísland.

„Strax eftir aðeins fárra daga dvöl hér, kom það mér á óvart hvað margir Íslendingar vita hvað er að gerast, og almennt sýndu þeir mikinn skilning og samúð með málstað Palestínumanna. Ég fann sannarlega til mikillar samstöðu. Ég vona að þetta muni halda áfram og þróast frekar. Venjulegt fólk getur alltaf farið til Palestínu sem sjálfbodaliðar, aðstoðað við félagsstörf, sjúkrahús eða aðstoðað bágstadda, það er nóg verk að vinna þar. Ég veit að margir hafa unnið sjálfbodastörf og margir eru að því núna, en ég vonast líka til þess að meiri þrýstingur verði settur á stjórnvöld að taka skýra afstöðu gegn glæpum Ísraels, fordæma Ísrael innan Evrópu, innan Sameinuðu þjóðanna og senda bein mótmæli til Ísraels gegn aðförum á Gaza og annars staðar í Palestínu.“

Ali hvetur fólk til að koma til Palestínu og sjá ástandið með eigin augum. Sjálfur muni hann taka vel á móti hverjum þeim sem það gerir og sé tilbúinn að deila reynslu sinni.

Ég spyr Ali að lokum hvaða augum hann líti framtíðina og hvernig ungt fólk í Palestínu líti á ástandið.

„Eins og ég nefndi, þá er ástandið núna mjög dimmt og dapurlegt vegna allra vandmálanna, en það mun von bráðar breytast. Bush verður farinn eftir eitt ár. Olmert verður ekki einu sinni svo lengi í viðbót. Nú er hann flæktur í málaferli vegna spillingar. Við arabar segjum stundum að þegar neyðin er stærst, sé hjálpin næst.“

Hvað æskuna varðar, þá býr von hverrar þjóðar í henni. Ef gamla fólkið þreytist á baráttunni og eygir enga von, þá heldur æskan henni áfram og framtíð þjóðarinnar er bundin við hana. Ungu fólkið er jafnvel meðvitaðra en eldri kynslóðin, og enn einbeittara í að halda baráttunni áfram. Þetta gerir Ísraela alveg óða. Það er mikil andstaða stefnu þeirra meðal unga fólksins í Palestínu og maður sér unga fólkið fara fyrir kröfugöngunum á Landdeginum, Alakba eða í mótmælum. Það vekur von um framtíðina.“

GAZAGETTÓIÐ og sjónarmið Sionistans

Miryam Shomrat, sendiherra Ísraels á Íslandi skrifaði grein í Morgunblaðið 17. mars s.l. með fyrirsögninni „Hryðjuverk og viðbrögð við þeim“. Kjarni greinarinnar er þessi: Ef hryðjuverkamennirnir í Hamas hætta að skjóta eldflaugum, ráðast á ísraelsk heimili, sjúkrahús, trúarskóla og barnaheimili þá mun ríkja friður. Ísraelsher hefði þá enga ástæðu til þess að ráðast á Palestínumenn.

Sendiherrann reynir að telja lesendum Mbl. trú um að andspyrna Palestínumanna sé orsök átakanna, hún lýsir Ísraelum sem fórnarlömbum. Við eigum að trúa því að þjóð sem á fjórða sterkasta herinn og nýtur stuðnings öflugasta herveldisins, sé fórnarlamb þjóðar í herkví!

Það er fróðlegt að kynnast málflutningi sendiherrans, hún er opinber talsmaður Ísraelsstjórnar og flytur því afstöðu stjórnarinnar og sjónarmið zionista ómenguð til okkar. Hún opinberar það sem er svo mikilvægt að almenningur skilji: Talsmenn Ísraels segja aldrei satt og rétt frá þegar þeir ræða átökin við Palestínumenn. Sendiherrann er að verja málstað þeirra sem eru hægt og bitandi eru að reyna að útrýma heilli þjóð! Það er ekki góður málstaður og þess vegna verður að bera fram miklar blekkingar.

Sendiherra zionistanna er djörf í grein sinni; hún hikar ekki við að vísa Palestínumönnum leiðina til lífs-hamingjunnar og skrifar: „ef hryðjuverkaáætlanir, vopnasmíð og upphafning haturs vikju fyrir eðlilegri atvinnustarfsemi“. Þessi leiðarvísir sendiherrans hlýtur að vekja upp spurningu: Hvað er eðlileg atvinnustarfsemi hjá þjóð sem hefur verið undirokuð í áratugi? Er hægt að stunda eðlilega atvinnustarfsemi þar sem hernámlið setur upp mörg hundruð vegatálma – þar sem akrar eru eyðilagðir – þar sem húsnæði er lagt í rúst – þar sem fólki er meinaður aðgangur að vatni – þar sem fólki er meinaður afnot af vegum – þar sem skattatekjum er stolið – þar sem fólki er neitað um lífsnauðsynlegan aðgang að heilbrigðisstofnunum – þar sem fullkomnustu herþotur varpa sprengjum á þéttbýli – þar sem stöðugt er skotið úr skriðdrekkum og stórskotaliðsbyssum – þar sem ekki er hægt að fá einföldustu varahluti – þar sem rafmagn getur farið fyrirvalaust – þar sem ríkir hafnbann – þar sem flugvöllurinn hefur verið



Eftir Hjálmtýr Heiðdal

sprengrdur í loft upp – þar sem margra metra háar múr skilur að þorp og akra – þar sem fatlað fólk er drepið með jarðýtum – þar sem menn geta átt von á fyrirvalalausri fangelsun – þar sem börn horfa á foreldra sína niðurlægð – þar sem börn eru skotinn til bana á leið í skóla eða við leik – þar sem skólakerfi er skipulega lagt í rúst – þar sem tölvum með upplýsingum um þjóðina er stolið – þar sem holræsakerfi eru eyðilögð – þar sem skriðdrekkum er ekið vísvitandi yfir bíla í eigu einstaklinga – þar sem land heimamanna er tekið með hervaldi og lagt undir nýbyggingar vopnaðra



landtökumanna – þar sem fjöldamorð eru regla en ekki undantekning?

Orð sendiherrans um „eðlilega atvinnustarfsemi“ afhjúpa takmarkalaus hroka Ísraelsstjórnar gagnvart umheiminum.

Almenningur á Íslandi veit að það eru Palestínumenn sem eru sviptir landi sínu, mannréttindum og möguleikum til þess að lifa því lífi sem allar þjóðir eiga rétt á. Og það eru Ísraelar sem hafa hertekið þessa þjóð, drepið þúsundir, fangelsað þúsundir, eyðilaggt heimili tugþúsunda og svipt 10,5 milljónir Palestínumanna landi sínu.

Allir Palestínumenn eru í heljargreipum Ísraels; 4,5 milljónir eru í herkví í Gazagettóinu og á Vesturbakkanum, 1,3 milljónir lifa við skert réttindi í Ísrael og milljónir eru flóttamenn um allan heim og fá ekki að snúa heim. Andspyrna Palestínumanna er réttmæt barátta fyrir réttindum sínum. Þetta er hinn einfaldi sannleikur og blekkingatilraunir sendiherra zionistanna geta ekki falið raunveruleikan.

Hvað segja íslenskir ráðamenn um þetta ástand? Hvernig geta þeir samþykkt með aðgerðaleyfi sínu að svona sé farið með eina þjóð?

Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að því miður hafi Ísraelar „leiðst út í ógöngur“ þegar hann fjallar um nýleg fjöldamorð þeirra í Gazagettóinu. Ingibjörg Sólrún utarríkisráðherra heimsótti svæðið, skoðaði rörasprengjur í Sderot og sá með eigin augum fangelsismúrinn sem Ísraelar stækka daglega. Hún skrifaði bréf til utarríkisráðherra Ísraels og mótmælti framferði þeirra á Gaza. En þetta eru máttlausar aðgerðir, hryðjuverkamenn Ísraels hlusta ekki á svona aðfinnslur – það er margsannað.

Ofbeldisstjórninni í S-Afríku var komið á kné með baráttu heimamanna og stuðningi umheimsins. Það var sett viðskiptabann á stjórn hvíta minnihlutans í S-Afríku og flest ríki frystu sín samskipti við hana (Ísrael var eitt fárra ríkja sem hélt góðu sambandi).

Ríkisstjórn Íslands á að fylgja hvatningu Desmonds Tutu erkbiskups, en hann hefur hvatt til viðskiptabanns á Ísrael. Ef utarríkisráðherra Íslands vill freista þess að hafa áhrif á ástandið þá verður hún að taka skrefið og rjúfa öll samskipti við stjórnvöld í Ísrael. Það er það eina sem fær þau til að skilja að umheimurinn muni ekki líða framferði þeirra. Eftir 60 ára kúgun er kominn tími til aðgerða.



Þar sem umsátrið byrjar

Ég sat Sjöttu Cairo-ráðstefnuna um lýðræði og frið í Mið-Austurlöndum, sem fór fram dagana 27.–31. mars sl. Þegar dró að lokum ráðstefnunnar var ég spurður hvort ég vildi verða samferða allstórum hópi fólks sem ætlaði að freista þess að komast til Gaza-strandarinnar á mánudeginum 1. apríl. Ég ákvað að gera það. Planið var að aka snemma að morgni frá Cairo til borgarinnar El-Arish, héraðshöfuðborgar Sínaí-skaga. Þar átti að bíða okkar flutningabíll með hjálpargögnum, sem við mundum reyna að koma í gegn um landamærin við Rafah-borg. Þetta var tveim eða þrem mánuðum eftir að örvæntingarfullir Palestínumenn rufu landamæramúrinn og fóru yfir landamærin í hundraða þúsunda tali.

Ég mætti eins og til var ætlast þangað sem hópnum var safnað saman. Í hópnum voru á að giska 30 manns af 10-12 þjóðernum. Við fórum um borð í rútu og höfðum meðferðis mótmælaborða og spjöld sem við bjuggumst við að hafa not fyrir. Rútan ók sem leið lá, norður frá Cairo og austur yfir Súez-skurðinn (yfir brú sem heitir „Mubarak-friðarbrúin“). Vegna Camp David-samkomulagsins frá 1979 eru Egyptar skuldbundnir til þess að aðstoða Ísraela við að halda landamærunum lokuðum og halda „röð og reglu“ sín megin. Á móti þiggur egypska ríkisstjórnin óhemjumikla „þróunaraðstoð“ frá Bandaríkjunum, sem réttara væri að kalla blóðpeninga. Lögreglan fylgdi þess vegna í humátt á eftir okkur. Egyptar njóta ekki fulls ferðafrelsis innan eigin lands, svo sums staðar á þjóðveginum eru vegatálmur þar sem skilríki eru skoðuð. Við vorum stöðvuð á einum slíkum ekki langt austan við Súez-skurð. Við áttum eins von á því að verða ekki hleypt lengra, en lögreglumennirnir höfðu ekki fyrirhæfi um að hamlar fyrir okkar, svo okkur var hleypt í gegn. Þegar við komum að næsta vegatálma, sem

heitir Balouza og er nærri samnefndum bæ, vorum við stöðvuð aftur. Í millitíðinni höfðu lögreglumennirnir af fyrri vegatálmanum hringt einhver símtöl, svo lögreglumennirnir á Balouza bjuggust við okkur.

Talsmaður hópsins fór út úr rútnni og talaði við lögregluna og leyniþjónustumenn sem þarna voru líka staddir. Á meðan þær samræður fóru fram fylgdumst við hin með því út um gluggana hvernig hver einasti bíll var stöðvaður á vegatálmanum og leitað í honum. Lögreglan og leyniþjónustan leituðu í farangursgeymslum og á vörubílsþöllum og hvar þar sem hefði mátt fela eitthvað. Þeir voru að leita að einhverju sem gæti nýst Palestínumönnum. Það er bannað að flytja vörur til El-Arish, umfram það sem heimamenn sjálfir þurfa að nota. Fólk er stöðvað með umframbirgðir af t.d. lyfjum – eða sígarettum eða pottum og pönnum eða einhverju öðru sem gæti freistað Palestínumanna – hugmyndin er að ef það er líka hörgull á lífsbjörgum fyrir sunnan landamærin, þá ætti freistingin að vera minni fyrir Palestínumenn að brjótast aftur yfir þau.



Eftir
Véstein
Valgarðsson

Talsmaðurinn okkar kom inn í rútna, gekk aftur eftir henni og safnaði saman lista með þjóðerni allra í hópnum: Spánn, Ítalía, Þýskaland, Austurríki, England, Ísland, Jórdanía, Indland, Banda-

ríkin . . . Fulltrúar kosku samstöðunefndarinnar báðu um ráðrúm til að rökræða hvort þeir ættu að gefa þjóðerni sitt upp sem skoskt eða breskt! Hann fór aftur út með listann og við biðum áfram. Að ráði eins í hópnum settum við okkur í viðbragðsstöðu: Ef svarið yrði neitandi, þá vorum við tilbúin með borðana og mótmælaspjöldin til þess að hlaupa út úr rútnni áður en það næðist að loka henni, og mundu halda mótmælafund þarna við vegatálmann.

Talsmaðurinn kom aftur inn í rútna: Okkur yrði ekki hleypt lengra. Við hlupum út með borðana og spjöldin og stilltum okkur upp þvert yfir þjóðveginn. Verðirnir vissu ekki hvað þeir áttu að gera. Einhver benti á að það væri kannski ekki rétt að loka umferðinni fyrir saklausum bílstjórum; þær áhyggjur reyndust ástæðulausar: Bílstjórnarnir flautuðu stuðningsflaut, sýndu okkur sigurmerki með fingrunum og virtust ekki kippa sér upp við að tejjast um nokkrar mínútur fyrir málstaðinn. Okkar lokun náði bara yfir hálfan veginn, þann helming sem liggur í austur. Lögreglan beindi þá umferðinni yfir á hina akreininna, vesturleiðina, og við færðum okkur þá þangað og svo aftur til baka.

Eftir nokkra hríð ákvað hópurinn að leggja af stað fótgangandi til El-Arish. Við sáum skilti þar sem stóð að það væru eitthvað um 160 kílómetrar þangað, þ.e.a.s. alls um 200 km til Rafah, þannig að þetta var auðvitað bara táknrænt. En við gengum af stað, með borðana og skiltin, og gengum einn eða tvo kílómetra austur fyrir vegatálmann. Leyniþjónustumennirnir fylgdu okkur allan tímann á tveim bílum.

Palestína og Ísrael:

Eitt ríki eða tvö?

Surningin um eitt ríki eða tvö hefur verið að skjóta upp kollinum í auknum mæli í umræðunni um Palestínu. Menn hafa líklega deilt um það síðan fyrst var stungið upp á stofnun Ísraelsríkis, hvort væri gæfulegra að hafa tvö ríki í Palestínu – eitt fyrir gyðinga og annað fyrir araba – eða aðeins eitt, annað hvort lýðræðisríki þar sem fólk væri jafnréttthátt óháð þjóðerni eða trú, ellegar þá „hreint“ ríki gyðinga eða araba. Í grófum dráttum mætti ef til vill segja að fólk sem beitir sér fyrir friði milli Ísraela og Palestínumanna hafi skipst milli fyrrnefndu hugmyndanna, en þeir sem vilja ekkert gefa eftir hafi viljað eitt, „ómengað“ ríki í öllu landinu.

Palestínska heimastjórnin á herteknu svæðunum stendur hvergi nærri undir nafni sem ríki, svo að núna er aðeins eitt ríki í landinu – Ísrael – og svo svæðin sem eru hernum og á ábyrgð Ísraela, þótt palestínskir embættismenn fái sums staðar að sinna sumum borgaralegum verkefnum. Heimastjórnin er afurð Oslóar-samkomulagsins, þar sem margir álíta að forysta Palestínumanna hafi samið af sér. Hvort sem þeir gerðu það eða ekki, virðist heimastjórnin vera andvana fædd og ekki til pólitískra stórræða. Það var kannski ekki við öðru að búast. Alþjóðlegir sáttmálar hafa jú tilhneigingu til að gagnast þeim best sem hafa völdin.

Á Sjöttu Cairo-ráðstefnunni um lýðræði og frið í Mið-Austurlöndum, sem fram fór í lok mars, var ein málstofa tileinkuð spurningunni um eitt ríki eða tvö. Hana sátu aktívistar, fræðimenn

og áhugamenn um málefnið. Það segir kannski sitt að þar var enginn – ég endurtek, enginn – talsmaður tveggja ríkja leiðarinnar.

En tveggja ríkja lausnin, hvað er það? Er hún raunhæf, alvöru lausn? Í skiptum fyrir fulla viðurkenningu og eðlileg samskipti hafa Ísraelar boðið Palestínumönnum þykjusturíkisstjórn í þykjusturíki innan þykjustulandamæra. Klasa af ósjálfbjarga, einangruðum gettóum og bantústönnum í stað samhangandi lands. Ekkert fyrir allt. Óréttlátan frið. Flóttamenn geti gleymt því að sjá föðurlandið aftur. Þessum kostum er vitanlega ekki hægt að taka, og á meðan er palestínskt ríki við hlið þess ísraelska ekki í sjónmáli. Hvaða kostir eru þá eftir í stöðunni?

Eitt lýðræðislegt ríki þar sem allir borgararnir búa saman jafnréttthátt óháð þjóðerni eða trú. Annað hvort það eða að hreinsa Palestínu af Palestínumönnum í eitt skipti fyrir öll. Eins og er lítur frekar út fyrir að menn nálgist síðari „lausnina“. Á leiðinni til hinnar fyrri, eins ríkis, eru gildir sem ber að varast. Flóttamannavandinn er ein þeirra. Milljónir palestínskra flóttamanna, dreifðar um nágrannalöndin, mega ekki gleymast. Málið getur ekki talist leyst nema þeir séu inni í lausninni. Palestínumenn verða að standa saman hvort sem þeir búa í Palestínu, Líbanon, Jórdaníu eða annars staðar. Standa saman um forystu sem bregst þeim ekki. Leikreglurnar eru önnur gildra. Ef Palestínumenn eftirláta Ísraelum, Bandaríkjunum og Evrópusambandinu að semja leikreglurnar, þá geta þeir eins lagt árar í bát. Eru þeir eina hernumda

þjóðin í heiminum sem má ekki verjast hernáminu heldur verður bara að sætta sig við það?

Þriðja gildran er spurningin um zionismann. Burtséð frá því hvort tveggja ríkja lausn er raunhæf eða ekki, þá þarf að velja því fyrir sér hvort hún er yfirhöfuð æskileg. Í hvaða stöðu væri palestínskt ríki – jafnvel innan 1967-landamæra, með A-Jerúsalem sem höfuðborg og alla flóttamennina komna heim – við hliðina á zionísku herveldi? Ísrael mundi væntanlega drottna áfram yfir því. Þótt drottunin yrði kannski með öðrum hætti dags daglega en nú er, þá yrði kannski ekki langt að seilast í hervaldið ef því væri að skipta. Hvernig mundi Palestínumönnum líða í skugganum af þannig nágranna?

Ef stefnt væri að eins ríkis lausn, þá er helsta ljónið í veginum hugmyndafræði zionismans, gyðinglega þjóðernisstefnan sem boðar að Ísrael eigi að ná yfir alla Palestínu og vera gyðinglegt ríki – það er að segja, að aðrir íbúar en gyðingar verði í minnihluta eða njóti að öðrum kosti ekki sömu réttinda og gyðingar í ríkinu. Í ljósi sögunnar – og samtíðarinnar – líst varla varla mörgum á það nú, að láta ríki vera stjórnað með aðskilnaðarstefnu byggðri á kynþáttum og trú.

Við hér á Vesturlöndum, sem styðjum Palestínumenn, styðjum þá auðvitað hvora leiðina sem þeim líst betur á. Við tökum þátt í samræðu og rökræðu um pólitíska kosti og galla. Vísendingarnar benda þangað sem þær benda, en þegar öllu er á botninn hvolft er það þeirra að meta hvernig þeir heyja sína baráttu fyrir þjóðfrelsi og réttlæti.

Vésteinn Valgarðsson

Þriðji billinn bættist fljótlega við. Þar var yfir-lögreglustjórnin á Sínaí á ferðinni, karl með asnaleg sólgleraugu sem bar sig eins og honum þætti hann sjálfur ákaflega merkilegur maður. Hann sagði innfæddum talsmanni okkar að ef það yrði snert hár á höfði einhvers útlendinga, þá mundi hann missa vinnuna. Honum væri því mjög í mun að koma okkur í burtu án þess að það yrði neitt vesen. Hann bauð okkur að rútan gæti komið yfir vegatálmann og sótt okkur, og svo keyrt okkur beint aftur til Cairo. Það var samþykkt. Nokkrir úr okkar hópi vildu endilega halda áfram fótgangandi alla leiðina til El-Arish. Engu tauti varð við

þau komið, og þar sem við vildum ekki skilja þau eftir til að drepast úr þorsta úti í eyðimörkinni, þá fór fólk inn í rútuna þegar hún kom, og allt vatn, matur, sólarvörn og annað slíkt var handlangað út til þeirra sem ætluðu að halda áfram. Svo gengu þau í austur en við hin ókum í vestur. Við vorum auðvitað stöðvuð aftur á vegatálmannum, þar sem lögreglumaður tók lykilinn úr svissinum og við vorum látin bíða á meðan fótgönguliðið sneri til baka í fylgd lögreglunnar.

Við ókum því til baka til Cairo, í lögregluþyngd alla leiðina. Rútan stöðvaði fyrir framan ræðisskrifstofu Evrópusambandsins, sem tekur fullan

þátt í herkvínni á Gaza, og þar var haldin blanda af blaðamannafundi og mótmælafundi. Flest okkar breiddum úr borðunum fyrir framan ræðisskrifstofuna og hrópuðum slagorð, og blaðamenn og fréttamenn margra helstu fjölmiðla Egyptalands komu og tóku viðtöl við ýmsa úr hópnunum. Fréttir af ferðinni birtust í nokkrum arabískum fjölmiðlum og nokkrum vestrænum. Lærdómurinn sem við drógum af henni var dapurlegur: Það eru ekki bara Ísraelar sem halda Gaza í herkví, heldur er egypska ríkisstjórnin samsek þeim.

Landið er okkar og það þarf að frelsa það

Mohamed Seif El-Dawla er egypskur prófessor í verkfræði. Hann hefur einnig numið lög, að sögn aðallega fyrir sjálfan sig. Ég er kynnt fyrir honum á Sjöttu Cairo-ráðstefnunni um frið og lýðræði, sem fram fór 27. – 30. mars 2008 í Cairo í Egyptalandi. Ég sest niður með honum og við förum að spjalla. Í ljós kemur að hann hefur frá mjög athyglisverðum hlutum að segja, frá öðru sjónarhorni en oftast heyrist. Hann segir til dæmis að það sé ekki tímabært að fjalla um þessa svokölluðu ríkjalausn. Áður en það er dagskrárhæft þarf að laga grundvallarpætti er snúa að svæði araba. Ég ákveð að taka við hann viðtal og miðla því sem hann hefur að segja. Í viðtalinu er þungamiðjan á stöðuna sem Egyptaland er í vegna þeirra samninga sem það hefur gert við vestræna valdhafa, sem hann segir að hafi stofnað fullveldi Egyptalands í hættu og sundrað Arabaheiminum. Það sé aðkallandi að frelsa Palestínu og arabaheiminn undan erlendu oki og sameina fólkid og landið á ný.

Fjölpjódlegur NATÓ-her á egypsku landi

Útkoma Camp David-samkomulagsins 1978, sem leiddi til friðarsamningsins milli Egypta og Ísraels 1979, er að sögn Mohamed Seif meðal annars hrun þjóðaröryggis Egyptalands og yfirráð Bandaríkjanna og zionista. Samningarnir, sem eiga rætur sínar að rekja allt aftur til 1973, eru skraddarasaumaðir fyrir Bandaríkin, sem lögðu línurnar og tryggðu að þeir kæmust á, til að tryggja öryggi Ísraels og búa svæði araba undir bandarískt forræði.

Hann segir þessa samninga ótæka og þeim beri að hafna á grundvelli margra þátta. Vegna þeirra hafa Egyptar ekki sjálf ræði yfir hluta af eigin landi, Sínaí-skaganum, og því landi sem snýr að landamærunum við Palestínu, Gaza. Samningurinn gerir ráð fyrir takmörkuðum áhrifum egypsks hers í vörnum á Sínaí sé árást yfir ofandi á Ísrael. Til að framfylgja þessu ákvæði er fjölpjódlegur her staðsettur á þessu svæði til að fylgjast með skuldbindingu Egyptalands við þetta ákvæði. Þessi útlendi her er ekki undir stjórn Sameinuðu þjóðanna (SP) heldur Bandaríkjanna. Multinational Forces and



„Mitt hlutverk er að upplýsa og benda á þessa þætti, svo við getum unnið saman að lausn.“

Observers (MFO), eða „appelsínugulu hattarnir“ eins og þeir eru kallaðir til að aðgreina þá frá bláum húfum SP, eru her samsettur af hermönnum frá 11 ríkjum sem eru öll í NATÓ. Flestir eru frá Bandaríkjunum, um 700 hermenn, en önnur ríki eru með táknræna þátt-



Eftir G. Rósu Eyvindardóttur

töku að undanskildum Fiji-eyjum og Kólumbíu. Í allt er um 1700 erlendir hermenn á svæðinu. Bandaríkjunum og Ísrael tókst að skipta eftirliti SP á svæðinu út fyrir MFO. Samkvæmt samskiptareglum sem voru undirritaðar 1981, er ekki hægt að afturkalla þennan her nema með samhljóma samþykki fastafulltrúa öryggisráðsins, sem eru Kína, Bandaríkin, Frakkland, Bretland og Rússland. Egyptaland hefur sem sagt ekki vald til að reka þennan her úr eigin landi. MFO er staðsett á tveimur herstöðvum, í El Gorah í Norður-Sínaí og á milli Sharm El Sheik og Naama-flóa. Til viðbótar eru um 30 eftirlitsstöðvar á svæðinu. Að auki er siglingaeftirlitsstöð á Tiran-eyju, sem er undir yfirráðum Saudi-Arabíu, en þeir viðurkenna ekki Ísraelsríki. „Hvernig er það þá mögulegt,“ spyr Mohamed Seif, „að þeir séu þátttakendur í öryggissamkomulagi Camp Davids samningsins?“

Samningarnir ógna fullveldi Egyptalands

Að sögn Mohamed Seif greiddi samkomulagið Bandaríkjunum leið að innviðum egypsks samfélags, til að ná djúpum tókum á því, meðal annars í gegnum fjárhagsaðstoð sína og ráðgjöf, og með því að framfylgja eftirliti vegna samninganna. Í samningunum er einnig gert ráð fyrir að þessir samningar hafi forgangsrétt yfir aðra samninga, þar á meðal samninga er lúta að sameiginlegum vörnum arabapjóðanna, og hindra þar með Egyptaland í að standa með öðrum arabaríkjum ef þau verða fyrir árást frá Ísrael. Egyptaland má heldur ekki gera samninga við aðra, þar sem unnið er gegn þessu ákvæði. Egyptalandi eru þar með settar skorður til að mynda tengsl og gera samninga, sem gætu þjónað þeirra eigin hagsmunum. Í raun er búið að lama Egyptaland í þessum málum, þar sem þessi erlendir her á að gæta landamæraanna við Gaza langt inni í landi Egyptalands. Þetta þjónar ekki hagsmunum Egyptalands, heldur er þetta gert til að tryggja öryggi Ísraels.

Með þessum samningum varð Egyptaland fyrsta arabaríkið til að viðurkenna Ísraelsríki. Mohamed Seif segir að þessi viðurkenning hafi veitt zionistum lögmætingu á hernámi Palestínu og klofið arabaheiminn og sundrað.



Mohamed Seif El-Dawla: „Viðurkenning Egyptalands á Ísraelsríki klauf arabaheiminn og veitti zíonistum lögmætingu á hernámi Palestínu.“

Baráttan gegn hernámi Palestínu varð einnig öll erfiðari. Sú samstaða sem var sýnileg á Khartoum-ráðstefnunni 1967 og seinna í stríðinu 1973 hafi horfið eftir Camp David-samningana.

Mohamed Seif bendir einnig á að þessir samningar brjóti í bága við stjórnarskrá Egyptalands, þar sem meðal annars segi að Egyptaland sé hluti af heimshluta araba og þrífist á einingu hans. Samningarnir eru einnig í trássi við alþjóðalög sem kveða á um að samningar séu ógildir ef þeir eru samþykktir undir valdi eða hótun um valdbeitingu, en á meðan samningaviðræðum stóð var Egyptaland að hluta hernumið af Ísrael. Undir öllum ferlinum vofði hótun Bandaríkjanna um innrás, væri hagsmunum Ísraels ógnað, sem olli þrýstingi á samningamenn Egyptalands um að undirrita samninginn.

Mikilvægt að losa Egyptland og arabaheiminn við afskipti erlendra aðila

Til að leysa hættuástandið sem enn ríkir vegna þessara samninga þarf að losa Egyptaland undan þessum skuldbindingum við erlenda aðila, undan samningum sem heimila erlendu herliði eftirlit með landamærum Egyptalands og Palestínu. Egyptland og Palestína þurfa að gera samninga sín á milli – óháð erlendum afskiptum. Það þarf að koma á eðlilegum samskiptum Egyptalands við Palestínu, líkt og með samskipti Egyptalands við önnur lönd. Egyptaland er fullfært um að hafa landamæraeftirlit við eigin landamæri með sínum eigin lögum og reglugerðum, án afskipta annara þjóða. Það er ótækt að öryggi Ísraels skipti meira máli í Egyptlandi en öryggi Egyptalands! Það er sjálfsgöð

krafa að arabaheimurinn fái að vera í friði fyrir erlendum afskiptum og það er sjálfsgöð krafa að fullveldinu sé ekki ógnað. Palestínumenn eru ekki rót hryðjuverka eins og Bandaríkin og Ísrael ganga út frá og hernám Palestínu er ólöglegt. Það er einnig ótækt að þessar hömlur séu á flutningi á vörum yfir landamærin og að fólki sé meinað um ferðafrelsi. Nýir samningar þurfa að innihalda ákvæði sem leysa þetta.

Eitt land – ein þjóð

„Við höfum áhyggjur af hernáminu. Við þurfum að frelsa landið og koma á jafnvægi. Með þessum samningi fyrir 30 árum síðan, gekk Egyptaland úr hópi þeirra ríkja sem vildu frelsa Palestínu. Undir forsæti Bandaríkjanna var Sínaískagi, sem er hluti af Egyptlandi, tekinn undir hagsmuni Ísraels. Svipaðar ráðstafanir voru gerðar 1956 og 1967, og þetta var í þriðja sinn. Þetta veikir landið okkar og hræðir ríkisstjórnina. Landið var okkar. Við vitum að Ísrael er mikilvægt fyrir Bandaríkin. Gyðingar sættu ofsóknum og það var reynt að bjarga þeim með því að flytja þá burtu frá Evrópu. Þeir voru fluttir til okkar og við eigum erfitt með að skilja hvers vegna. Það voru engin vandamál með sambúðina fyrr en þeir tóku landið okkar og drápu fólkið okkar. Við erum að reyna að frelsa landið okkar og þá segir Bandaríkjastjórn að við séum þeir vöndu. Ef Evrópubúar vissu sannleikann mundu þeir skilja okkar málsstað og styðja okkur.“

Eru Palestínumenn fólkið ykkar?

„Við erum eitt fólk. Tölum sama tungumál. Við viljum vera sameinuð og viljum fá að vera sameinuð í friði. Viljum fá að sameinast. Alveg eins og Frakkland, sem var skipt í margar einingar áður

fyrr, en er ein þjóð í dag. Við erum ein þjóð. Við erum ekki betri en aðrir, við erum bara arabar. Eitt land – ein þjóð. Ekki vegna menningar eða trúarbragða, heldur vegna landsins. Rafah er borg sem er hálf egypsk og hálf palestínsk. Þeir sundruðu okkur. Það er líka verið að sundra Írak núna. Við vorum einu sinni á Spáni, en við fórum þaðan því það var ekki landið okkar, okkur var sagt að fara þaðan, því við værum ekki hluti af fólkinu þar. Og við fórum. Það sama gildir um þetta. Þeir eru ekki vöndir af því að þeir eru gyðingar heldur vegna þess að þeir eru að taka landið okkar og drepa fólkið okkar.“

Hvernig ríkjakerfi er lausnin fyrir Ísrael og Palestínu?

„Það er ekki tímabært að ræða þetta núna. Ísrael sýnir ekki sanngirni. Gyðingar þurfa ekki að fara, bara átta sig á því að þetta er landið okkar. Við getum öll lifað í sátt og samlyndi, en það þarf að koma til viðurkenning á tilveru okkar og landinu okkar, þetta er arabískt land. Þetta er ójafn leikur og það þarf að jafna hann áður en við getum farið að tala um ríkjalausnir. Gyðingar og arabar geta búið saman en arabar og Ísraelsríki í núverandi mynd ekki.“

Almenningsálitíð mikilvægt

Hvernig er baráttu ykkar háttáð?

„Við eigum við vandamál að stríða, öfl í heimurinn eru á móti okkur. Bandaríkin eru á móti okkur. Á hverjum degi eykst andstaðan við okkur, og sú skoðun að það sé ekki hægt að semja um frið við okkur. Þetta er mjög alvarlegt vandamál. Fyrir nokkrum vikum drápu Ísraelar 60 manns. Þegar Palestínumenn drepa 5-6 manns er það vont, en ef Ísrael drepur, þá er það í lagi. Þetta er tvískinnungur. Við þurfum á stuðningi að halda, að það sé hlustað á okkur, að saga okkar sé skoðuð, þjóðin okkar, sem er ein. Við þurfum á einu ríki að halda, einni sterki heild.“

Hvernig beitir þú þér í baráttunni?

„Mitt hlutverk er að upplýsa og benda á þessa þætti, svo við getum við unnið saman að lausn. Hér á þessari ráðstefnu tekur fólk frá ólíkum löndum höndum saman. Sumir vilja berjast, aðrir vilja skrifa, enn aðrir tala, fólk ákveður hvernig það vill berjast fyrir málstaðinn, að frelsa landið. Það verður að bara að vera í rétta átt. Það er mjög mikilvægt að fá almenningsálitíð með okkur. Núna erum við að tala saman, hver veit nema þetta litla samtal okkar eigi eftir að hafa góð og mikil áhrif fyrir framtíðina!“

Valdaránið á Gaza

Í aprílhefti bandaríska tímaritsins **Vanity Fair** er grein þar sem ljóstrað er upp um valdaránstíllburði á síðasta ári gegn lýðræðislega kjörnum stjórnvöldum á Gaza. Tímaritið hefur undir höndum trúnaðarskjöl sem sýna fram á leynilega áætlun, sem Bush forseti, Condoleezza Rice utanríkisráðherra og Elliot Abrams aðstoðarþjóðaröryggisráðgjafi höfðu lagt blessun sína yfir, og fól í sér að koma af stað borgarastríði meðal Palestínnumanna. Markmiðið var að koma stjórnvöldum undir forystu Hamas-samtakanna frá, og lykilverðunin í þessari áætlun var Muhammad Dahlan, sem verið hefur þjóðaröryggisráðgjafi Abbas forseta Palestínu og jafnframt í nánú sambandi við bæði FBI, bandarísku alríkislögregluna og CIA, bandarísku leynipjónustuna. Dahlan hefur verið í sérstöku álitum hjá Bush frá fyrstu kynnum þeirra og var einnig í tengslum við Clinton forseta.

Gera stjórnvöld valdarán gegn sjálfum sér?

Undirrituðum fannst það ævinlega einkennileg frétt, sem klífað var á í júní í fyrra, að Hamas samtökin væru að ræna völdum á Gazaströnd. Hvernig mátti það vera að samtökin væru að ræna völdum frá stjórnvöldum sem voru þau sjálf? Gera löglega og lýðræðislega kjörin stjórnvöld valdaránstíllraunir gegn sjálfum sér? Um það leyti sendi Jonathan Cook, breskur blaðamaður og rithöfundur sem búsettur hefur verið í Nazaret um árabil, frá sér grein um að stjórnvöld Hamas-samtakanna á Gaza hefðu kæft í fæðingu valdaránstíllraun öryggissveita Fatah.

Eitthvað fór þetta úr böndunum hjá bandarísku leynipjónustunni og Muhammad Dahlan, því að samkvæmt Vanity Fair var hann víðs fjarri þegar uppgjör milli Fatah og Hamas fór fram snemma í júní síðasta ári. Hann mun þá hafa verið erlendis til að gangast undir aðgerðir á báðum hnjám, og var síðan í átta vikur að ná sér eftir þessar aðgerðir. Atburðarásin hafði komist á skrið þann 1. febrúar 2007, þegar Fatah-sveitir undir forystu Dahlan réðust inn í Íslamska háskólann á Gaza og kveiktu í fjölmörgum byggingum. Hefndarárásir Hamas komu daginn, eftir með árásum á lögreglustöðvar sem voru undir stjórn öryggissveita Fatah. Þegar upp var staðið þann 16. júní, höfðu áætlanir Bandaríkjustjórnar farið algerlega út um þúfur og í stað þess að Fatah-sveitum tækist að koma stjórnvöldunum á Gaza frá í það skiptið, voru þær afvopnaðar af

mikilli hörku og grimmd sem var beitt af beggja hálfu.

Bush hafði þrýst mjög á að kosningar færu fram á herteknu svæðunum, en að mati Dahlan og fleiri leiðtoga Fatah voru þeir ekki reiðubúnir í janúar 2006. Þegar svo úrslit kosninganna lágu fyrir, voru lýðræði og frelsi ekki lengur á dagskrá. Allt skyldi gert til að afmá úrslit lýðræðislegra kosninga. Ákveðið var að einangra palestínsku stjórnvöldin og brjóta þau á bak aftur. Og þegar Abbas forseti ákvað að ganga til samstarfs við Hamas um þjóðstjórn, var hann beittur gríðarlegum þrýstingi af Bush-stjórninni til að eyðileggja það stjórnarsamstarf, sem var palestínsku þjóðinni lífsnauðsyn. Valdaránstíllraunin á Gaza var hluti þessara aðgerða, og að sjálfsgöðu gerð



Eftir Svein Rúnar Hauksson

í samráði og samstarfi við Ísraelsstjórn, enda vopnum og fjármagni ekki komið til manna Dahlans án þeirra.

Í saumaklúbbi með Mossad og CIA

Þótt í grein Vanity Fair sé talað um trúnaðarskjöl og leynilegar áætlanir eða samsæri, sem tímaritið ljóstraði upp um, þá var vart um mikla leynd að ræða, því að undirbúningur valdaránsins fór fram fyrir opnum tjöldum. Fréttir bárust af því síðastliðinn vetur og vor, að Bandaríkjustjórn væri með tilstuðningi Ísraelsstjórnar að veita Fatah-sveitunum, leynipjónustu- og lögreglusveitum undir stjórn Abbas forseta, stuðning í formi fjármagns, vopna og herþjálfunar. Svokölluð öryggissamvinna milli Ísraels og Palestínu hafði átt sér stað um árabil fyrir opnum tjöldum, eða allt frá dögum Arafats, og farið fram á fundum fulltrúa leynipjónusta beggja aðila undir fundarstjórn CIA, leynipjónustu Bandaríkjustjórnar.

Það hryggilega við þetta samstarf er að það getur ekki talist vera annað en hluti af þeirri undirokun sem Palestínnumenn búa við. Styrkleikahlutföllin eru gjörsamlega út úr öllu korti. Palestínsku leynipjónusta er vart nema lítil saumaklúbbur við hliðina

á tveimur langöflugustu leynipjónustum heims. Krafa Ísraelsstjórnar og þar með Bandaríkjustjórnar til samstarfsaðilans hefur verið sú að palestínsku stjórnvöld nái tökum á andspyrnuhópunum. Þeir eru fjölmargir og tengjast ýmsum stjórn-málasamtökum, þar á meðal Fatah. Nokkrir eru þverpólitískir og aðrir trúarlegir. Vopnuð barátta gegn hernámi Palestínu er þeim sameiginleg.

Krafan er sú að binda endi á þá starfsemi þessara hópa, sem skilgreind er sem hryðjuverk. Hryðjuverkarásir Ísraelsshers á herteknu svæðunum, gegn íbúum sem Ísraelsstjórn ber að ábyrgjast samkvæmt Genfarsáttmálanum, eru hins vegar skilgreindar sem varnaraðgerðir af ríkisstjórnunum Ísraels og Bandaríkjustjórnar.

Þegar Ísraelssher hafði myrt nærri 130 íbúa Gazastrandar á 5 dögum, í kjölfar þess að einn Ísraeli var myrtur með heimatilbúinni Qassam-flaug í bænum Sderot (sem var fyrsta slíkt mannfall í níu mánuði), var þess freistað að fá Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna til að samþykkja fordæmingu. Eins og oft áður náði slíkt tillaga ekki fram að ganga vegna neitunarvalds Bandaríkjustjórnar. Þar á bæ er minnt á rétt Ísraelsríkis til að verja hendur sínar. Sama gildir ekki um Palestínu.

Rangt að selja alla undir sömu sök

Sendiherra Ísraels gagnvart Íslandi, með aðsetur í Noregi, ritaði nýverið grein í Morgunblaðið þar sem hún tókst á hendur það aumkvunarverða hlutverk að reyna að réttlæta nýleg fjöldamorð Ísraelsshers á Gazaströnd. Í einu rataðist henni satt orð á munn þótt meining hennar væri önnur en við á. Hún sagði það vera „rangt og villandi“ að lýsa ástandinu sem „vítahring“ og selja alla undir sömu sök. Sendiherrann var svo kokhraustur að minnst á grundvallarreglur alþjóðlaga, sem brotnar væru þegar eldflaugum væri skotið á Sderot, en minnst að sjálfsögðu ekki á sprengjumagn eldflaugaárása, skriðdreka- og flotaárása eins öflugasta herveldis heims, sem beint hefur verið gegn flóttamannabúðum og heimilum í íbúabyggðum á Gazaströnd, eins þéttbýlasta svæðis heims.

En ég er sammála þeim orðum að það er ekki um „vítahring“ að ræða sem ekki sé hægt að stöðva. Það liggur ljóst fyrir að hvort sem menn vilja kalla skæruhernað palestínsku andspyrnuhópanna hryðjuverk eða lögmæta baráttu gegn hernámi, sem sérhver þjóð hefur rétt til, þá eru slíkar aðgerðir ekkert annað en viðbrögð við

kúgun og niðurlægingu vegna lengsta hernáms samtímasögunnar. Um leið og séð væri fyrir endann á grimmilegu hernámi og Ísrael tæki sér sæti við hlið annarra ríkja sem lúta vilja alþjóðalögum en telja sig ekki yfir þau hafin, og ef ísraelska þjóðin tæki í hönd þeirrar palestínsku sem lengi hefur verið útrétt og sýndi það og sannaði að hún vildi

lifa í friði við nágranna sína, þá hyrfti samstundis grundvöllur skæruhernaðar og hryðjuverka.

Ég er líka þeirrar skoðunar að rangt sé að selja alla undir sömu sök. Það er rangt að setja jafnaðarmerki á milli kúgara og þeirra sem búa við kúgun. Oft er sagt að sjaldan valdi einn þá tveir deila. Ég held að engum okkar

þætti viðeigandi að taka svo til orða um útrýmingarstefnu nazista gegn gyðingum. Það er heldur ekki viðeigandi að taka svo til orða þegar heimurinn hefur í áratugi horft upp á þjóðernishreinsun gegn Palestínunömmum og er að horfa upp á það sem líkist þjóðarmorði gegn varnarlausum og innilokuðum íbúum á Gazaströnd.

Ögmundur Jónasson:

Ekki líta undan

Forsætisráðherra Íslands sagði á Alþingi í vikunni að við yrðum að gera okkur ljóst að Íslendingar væru þess ekki umkomnir að stöðva ófriðinn í Palestínu. Hann sagði að þótt framferði Ísraels á Gazasvæðinu væri óafsakanlegt þá yrðum við að gæta að því að Ísraelar væru að svara eldflaugaárásum á eigið land. Það væri skýringin, þeirra skýring og þar með réttlætning á þessum aðgerðum.

Það má vel vera að við, ein og sér, smáþjóð á norðurhvara, séum þess ekki umkomin að stöðva hernaðarofbeldið í Palestínu. Okkur ber hins vegar að gera það sem í okkar valdi stendur til að stöðva yfirgang og ofbeldi hvar sem við fáum því komið við; okkur ber að leggjast á sveif með öllum þeim sem um víða veröld koma nú saman til að mótmæla ofbeldinu á Gaza. Og hvort sem við erum fá eða mörg þá er verkefnið hið sama; að vekja heimin til vitundar um það sem nú er þar að gerast. Í næstum heilt ár hefur Gazasvæðið í Palestínu verið sem heljarstórt fangelsi. Þar hefur fólk ekki verið frjálst ferða sinna, lokað fyrir rafmagn og skrufað fyrir eldsneyti. Fyrir bragðið hafa samgöngur lamast og það sem meira er, vatnsdælur stöðvast og klöðkin stíflast. Matvæli eru á þrotum, lyf og önnur hjúkrunargögn að sama skapi. Og er þá ekki byrjað að ræða morðin og ofbeldið.

Og nú þegar spurt er hvers við séum megnug, hvaða áhrif við getum haft á aðstæður í fjarlægum heimshluta, kemur upp í hugann hann Eduardo Grutzky. Gyðingur ættaður frá Ísrael, sem óx úr grasi í Argentínu, nú búsettur í Svíþjóð. Þegar Eduardo var 18 ára gamall lét herforingjastjórnin argentínska hneppa hann í fangelsi. Sakarefnið var að reyna að stofna samtök námsmanna. Í fangelsi var Eduardo haldið í 7 ár án réttarhalds. Þar sætti hann hrottanfengnum pyntingum, var nær dauða en lífi þegar honum loks var sleppt úr haldi. En hvers vegna losnaði Eduardo Grutzky

Ræða flutt á útifundi Félagsins Ísland-Palestína á Lækjartorgi þann 5. mars 2008

úr fangelsi? Og hvers vegna skyldi hann hafa fengið læknishjálp í fangelsi þegar hann var kominn í lífshættu af innvortis blæðingum vegna pyntinganna? Hann segist hafa fengið staðfest að það hafi verið vegna þrýstings íslenskra Amnesty féлага. Og nú, nær 30 árum síðar, var Eduardo Grutzky kominn til Íslands til þess að þakka fyrir sig. Þakka fámennri sveit Íslendinga sem lét sig varða mannréttindi hinu megin á hnettinum, þakka einstaklingum sem lögðu það á sig mánuðum, misserum og árum saman að skrifa óteljandi bréf til að vekja athygli á hlutskipti hans.

Við getum það sem við viljum. Þannig var kynþáttastjórninni í Suður-Afríku velt, með samstilltu átaki frelsishreyfingar heima fyrir og þrýstingi frá heimsbyggðinni allri. Það er í vitneskjunni um þetta sem ábyrgð okkar liggur. Vitneskjunni um að það er hægt að breyta heiminum.

En fyrst er að skilja. Ísraelar og bak-hjarl þeirra í Washington – Bush-stjórnin – stillir upp sem jafningjum, sem tveimur jafnsettum vígvélum, annars vegar hinni ísraelsku og hins vegar hinni palestínsku. Þessar vígvélar standi gráar fyrir járnnum hvor gegn annarri.

Staðreyndirnar tala öðru máli. Palest-

ínúmenn eru hernúmin þjóð. Ísraelsríki hefur öll ráð þeirra í hendi sér, ákveður einhliða hvert skuli vera fjárstreymið til palestínskra stjórnvalda hverju sinni, hvenær landamæri skuli opnuð og hvenær þeim skuli lokað... og hvað varðar eldflaugaárásirnar frá Gaza á byggðir í Ísrael, sem nú eru notaðar sem skálkaskjól fyrir morðæðið undanfarna viku, þar sem á annað hundrað Palestínúmenn, þar af tugir barna hafa verið myrt köldu blóði, þá er það svo að tilefnið var einn maður drepinn, karlmaður á fimmtugsaldri í Sderot, eina fórnarlamið í slíkum eldflaugaárásum á undanförunum níu mánuðum!

Þegar íslenskir ráðherrar tala um réttlætningu Ísraels á ofbeldisverkunum þá er þetta samhengið. Ísraelska hernámshliðið hefur í gegnum tíðina lært að lifa með tímabundinni gagnrýni umheimsins. Gagnrýnin er umborin að því tilskyldu að lykilorðið – leyniorðið – fylgi: „*Já, en við vitum að þið eruð að gera þetta í sjálfsvörn.*“ Þannig talar Bush og þannig hafa íslenskar ríkisstjórnir talað í seinni tíð.

Við þurfum að skilja, sagði ég. En það er eitt að skilja á kaldan og tilfinningasnaudan hátt. Annað að skilja þannig að hjartað nemi og tilfinningarnar, þannig að við gerum það núna sem við öll vildum að við hefðum gert þegar við lesum sögubækurnar eftir fimmtíu ár. Svo við þurfum ekki þá að spyrja, *hvers vegna gerði enginn neitt, hvers vegna litu allir undan? Þarf að drepa minn bróður, mína systur eða barnið mitt til að ég skilji í alvöru? Þarf að sprengja heimili mitt í loft upp eða sjúkrahúsið þar sem faðir minn liggur, gamall og sjúkur, til að ég skilji til fulls fréttirnar frá Gaza?*

„Það eru margar aðferðir til að íþyngja ekki samviskunni,“ sagði Richard Weizsäcker fyrrverandi forseti Þýskalands, „alltof mörg okkar þóttust eftir stríðið, ekkert hafa vitað.“

Framhald á bls. 19

Friðar- múrinn

Frá árinu 1948 hafa Palestínumenn búið við hlið Ísraela, við nánast stanslaust áreiti og yfiringang. Fjögur stór stríð hafa verið háð á svæðinu ásamt því að Palestínumenn hafa tvisvar gert uppreisn, Intifada, gegn hersetu og kúgun Ísraela. Fyrsta Intifada-uppreisnin var árið 1987 og lauk henni árið 1993. Seinni Intifada-uppreisn Palestínumanna hófst árið 2000 og stendur hún enn yfir. Palestínumenn hafa barist fyrir auknum réttindum, frelsi og réttinum til að stofna sitt eigið ríki. Ísraelar hafa svarað þessu með mikilli hörku og beitt miklu ofbeldi, andlegu sem og líkamlegu, gegn Palestínumönnum. Stærsta og viðamesta árás sem Ísraelar hafa gert er samt aðskilnaðarmúrinn.

Í júní árið 2002 hóf Ísraelska ríkisstjórnin að byggja múr við þorpin Jenin, Tulkarem og Qalqiliya, sem staðsett eru norðarlega á Vesturbakkannum. Múrinn aðskildi Palestínumenn frá landi sínu og öðrum Palestínumönnum og frá Ísrael. Landamæri Vesturbakkans og Ísraela eru 200 kílómetra löng, en í dag er múrinn orðinn 400 kílómetra langur og stefnir í að hann nái allt að 730 kílómetrum. Aðeins er um 20% múrsins er staðsettur á landamærunum frá 1967 en restin, 80%, nær allt að 16 kílómetra inn fyrir landamæralínu Vesturbakkans. Þetta þýðir það að ekki er verið að byggja múr í kringum Vesturbakkann, heldur á Vesturbakkannum. Með tilkomu múrsins hefur einhverskonar gettívæðing orðið í Palestínu. Múrinn umkringvir marga bæi og er oft aðeins ein leið inn og út úr bæjunum. Við þessar aðstæður einangrast þorpin frá umheiminum og samskipti og samgöngur verða mjög erfið. Bændum er meinað að fara inn á landið sitt sem er fyrir utan múrinn, og hefur þetta ollið miklu atvinnuleysi og fátækt, ásamt því að takmarkað magn



Eftir
Yousef
Tamimi

er til af matvælum á svæðunum. Þegar múrinn er fullkláraður er talið að um 250 km² af ræktunarlendi Palestínumanna hafi farið undir við byggingu hans, a.m.k. 12 þorp verða algjörlega umkringd múrnum og mun hann einangra allt að 61 þúsund manns.

Hinn alræmði Berlínarmúr var 3,6 metra há, 1,2 metrar á breidd og var 155 kílómetrar að lengd. Aðskilnaðarmúrinn sem Ísraelar eru að byggja er 8 metra há, 3 metrar á breidd og á að ná 730 kílómetrum. En ekki er allt upp talið enn, því við vegginn er svokallað öryggissvæði sem stranglega bannað er að fara inn á og er það svæði oft umvafið gaddavír eða rafmagnsgirðingu. Á mörgum stöðum á múrnum eru turnar þar sem hægt er að hafa yfirsýn yfir svæðið. Inni í þessum turnum eru vopnaðir hermenn og oft er ekki hafa þeir notað þá til að skjóta á Palestínumenn. Myndavélar eru á mörgum stöðum til að fylgjast með því hvort Palestínumenn séu nálægt múrnum, og ef svo er eru hermenn sendir til að fæla þá í burtu. Við byggingu múrsins hefur þurft að rífa mörg hundruð hús sem Palestínumenn eiga og hefur það aukið fjölda flóttamanna, sumir eru nú að flýja í þriðja sinn. Ræktarland Palestínumanna hefur verið eyðilagt og hafa Ísraelar einnig rænt vatnsbólum þeirra í leiðinni. Ómögulegt er að komast yfir múrinn, en á vissum stöðum er hlið þar sem hægt er að fara í gegn. Þessum hliðum er stjórnað af Ísraelum og ráða þeir hverjir fara í gegn. Bændur í Qalqiliya og fleiri bæjum hafa t.d. oft lent í því að vera meinað að fara í gegn til að tína





ólífur af landi sínu og hefur atvinnuleysi þar aukist gríðarlega. Atvinnuleysið, sem árið 2000 var 18%, hefur meira en fjórfaldast.

Alþjóðadómstólinn í Haag dæmdi þann 9. júlí 2004 að múrinn væri ólöglegur samkvæmt Genfarsáttmálanum og að Ísrael bæri að stöðva framkvæmdir, rífa múrinn og einnig að greiða skuli bætur fyrir það tjón sem Palestínumenn hafa orðið fyrir. Ekki hafa Ísraelar farið eftir þessum dómi og virðist vera sem þeir neiti lögsögu dómstólsins. Þó hafa Ísraelar skrifað undir fjórða Genfarsáttmálann sem var undirritaður árið 1949, en láta eins og þessi áttmáli nái ekki til Palestínumanna.

Það er auðvelt að lesa út úr þessu: Ísraelar vilja landsvæði Palestínumanna en þeir vilja ekki fólkið. Það er auðvelt að hefja stríð, en mun erfiðara að fara eftir lögum og reglum sem alþjóðasamfélagið hefur samþykkt um hvernig á að hegða sér við stríðsrekstur og hernám. Ísraelar hafa brotið gegn þessum reglum í gríð og erg og virðast ekki ætla að fara eftir þeim á næstunni. Múrinn er aðeins eitt dæmi af mörgum um brot Ísraela á leikreglunum. Menn hafa lagt það á sig að semja reglur til að tryggja það að réttur borgara í stríðum sé tryggður. Til þess að reglur virki þá þarf að framfylgja þeim og virða, en það hefur Ísrael því miður ekki gert.

Ekki líta undan

Framhald af bls. 17

En hér uppi á Íslandi spyr ég um okkar aðferð, hver er hún? Ekki getum við þótt ekkert vita. Því við vitum.

Á Alþingi var okkur tjáð að utanríkisráðherra Íslands hafi sent utanríkisráðherra Ísraels bréf þar sem segi að íslenska ríkisstjórnin hafi áhyggjur af því sem sé að gerast á Gaza. Þetta bréf svarar hvorki spurningum okkar né kemur til mótis við kröfur okkar. Ég spyr: Styður ríkisstjórn Íslands ofbeldisstjórn Olmerts? Ég spyr ríkisstjórnina því mér sýnist hún ekki hafa þrek til að horfa. Hún lítur undan. Að hafa áhyggjur, það er eitthvað sem maður hefur af bönkum. Við höfum ekki áhyggjur af ofbeldi, við fordæmum ofbeldi – og við gerum það undanbragðalast.

Samkvæmt skoðanakönnunum í síðustu viku var yfirgnæfandi meirihluti Ísraela á móti ofbeldinu. Sjö af hverjum tíu vilja beinar viðræður við Hamas. Af hverju eru Íslendingar á móti því? Af hverju tökum við ekki undir með friðelskandi Ísraelum? Af hverju gefum við yfirgangsöflunum sífellt undir fótinn? Ekki þurfum við að vera hrædd við að láta í okkur heyra. Eða er okkar aðferð ef til vill sú að gefast upp fyrir ofurefli illsku og ranglætis?

Það er í tísku um þessar mundir að draga stríðsglæpamenn fyrir rétt. En það er ekki nándar nærri því eins mikilvægt og reyna að stöðva stríð og koma í veg fyrir stríðsglæpi. Við getum ekki beðið. Þessi fundur tekur ekki afstöðu með eða á móti þjóðum. Þessi fundur er haldinn til að hafna aðferðafræði illskunnar og aðferðafræði óttans. Við höfnum líka aðferðafræði skrifinnskunnar sem kæfir anda réttlætisins í loftlausum ráðuneytum. Í Palestínu liggja menn ekki bara í pólitísku blóði, þar liggja börn í alvöru blóði. Blóð fórnarlambanna í Palestínu rennur okkur til skyldunnar, við mótmælum og krefjumst þess að íslensk stjórnvöld líti ekki undan.

**Netfang
félagsins
er**

palestina@palestina.is

Verjandi hins glataða málstaðar

Þann 4. apríl s.l. birti Morgunblaðið langtviðtal við bandaríska lögfræðinginn Alan Dershowitz. Alan þessi er víða þekktur sem stuðningsmaður Ísraels og í viðtalinu, sem ber hið viðeigandi heiti: „Verjandi hins glataða málstaðar“, fjallar hann m.a. um ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs.

Grænlenka dæmið

Myndin af átökunum sem Alan Dershowitz vill miðla okkur er einföld; annars vegar eru rétttræpir palestínskir hryðjuverkamenn og hins vegar er her Ísraels, sem vill bara frið, en neyðist til þess að berjast vegna þess að hryðjuverkamennirnir eru ekki til friðs. Og til þess að koma boðskapnum til skila setur Alan upp lítið dæmi. Hann vill að Reykvíkingar setji sig í spor Ísraels með eftirfarandi samlíkingu í Mbl.: „Hvað myndu Reykvíkingar gera ef Grænendingar byrjuðu að skjóta eldflaugum og fela sig bak við almenna borgara. Þið mynduð ekki líða slíkt.“ (hann endurtók þessa samlíkingu í Silfri Egils 6/4)

Vissulega yrðu Reykvíkingar hlessa ef eldflaugum yrði skotið frá Grænlandi, sérstaklega þar sem við höfum ekki verið að abbast uppá Grænendinga. Eiginlega ekki síðan Eiríkur Rauði var þar á ferð. Ef Reykvíkingar hefðu hins vegar, í marga áratugi, stundað það að stela landi af Grænendingum, byggt þar ólöglegar nýlendur fyrir Íslendinga, varpað niður sprengjum úr flugvélum á Grænendinga, skotið með fallbyssum á byggðir þeirra, farið þar um á skriðdrekum og drepið menn unnvörpum, þá ætti það ekki að koma okkur mjög á óvart þótt þeir reyndu að svara fyrir sig. Reykvíkingar eru varla þau fífl að halda að þeir kæmust upp með slíka glæpi gegn grönnum sínum átölulaust og án afleiðinga. Ef talsmenn Reykvíkinga færu síðan um víðan völl og segðu umheiminum að Grænendingar (sem efalaust yrðu stimplaðir hryðjuverkamenn) væru sífellt að hrella íbúa borgarinnar og að friður væri það eina sem hugurinn þráði – þá væri hætt við að það yrði ekki mikið mark tekið á þessum útlistunum.



Ný vopn fyrir kúgara

En Ísraelum hefur tekist, í samvinnu við stjórnvöld í Bandaríkjunum, að fá mörg ríki og einstaklinga til þess að taka afstöðu til baráttu Palestínumanna fyrir réttindum sínum í þessu einkennilega ljósi. Hugmyndir Alans Dershowitz, sem hann setur fram í framhaldi af þessari fátánlegu dæmisögu, um nýjar alþjóðareglur til þess að nýta í baráttunni við „hryðjuverkamenn“ eru stórhættulegar fyrir alþjóðasamfélagið. Hann leggur til að barátta undirokaðra



Eftir Hjalmtýr Heiðdal

verði skilgreind upp á nýtt – „það er ekki lengur skýr lína á milli almennra borgara og stríðsmanna,“ skrifar Alan. Hann er í raun að freista þess að finna leið til þess að skilgreina fjöldamorð Ísraels á óbreyttum borgurum sem réttmæta leið í baráttunni við þá sem láta ekki kúga sig baráttulaust. Morgunblaðið birtir í Reykjavíkurbreffi sínu þ. 6. apríl umfjöllun um hugmyndir AD og telur hann „feta inn á erfða braut“... og vera á „á gráu svæði“. Það er engin furða að ritstjórn Mbl. sjái annmarka á þessum hugmyndum. Þær eru ætlaðar til þess að útrýma með „löglegum“ aðferðum þeim sem dirfast að gera það sem í mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna er viðurkennt sem grundvallarréttindi allra sem eru undirokaðir og sviptir möguleikum til þess að berjast fyrir sínum réttindum með friðsamlegum hætti. Í sáttmálanum er skýrt tekið fram að mannréttindi skal vernda með lögum „Að öðrum kosti hljóta menn að grípa til þess örþrifaráðs að rísa upp gegn kúgun og ofbeldi.“ Í svokallaðri baráttu gegn hryðjuverkum hafa vöndar ríkisstjórnir gegnið sífellt lengra í skerðingu lýðréttinda. Þetta framlag Alans Dershowitz, ásamt tillögum hans um lögleiðingu pyntinga, tala skýru máli um afstöðu hans til mannréttinda.


Nái hugmyndir Alans fram að ganga þá er hætt við að það yrðu veisluhöld hjá einræðisherrum og kúgurum með ný og „óvænt vopn í höndum“ eins og Morgunblaðið bendir réttilega á.

Það er búið að velja

Alan Dershowitz lumar á fleiri hugmyndum. Hann leggur til að Vesturbakkinn verði gerður að blómlegri byggð, „dásamlegt ríki með góðum háskólum, frábæru heilbrigðiskerfi“ eins og hann segir. Og „Síðan er hægt að leyfa Palestínumönnum að ákveða hvort þeir vilja stjórnarhættina á Vesturbakkanum eða Gaza“. Alan vill leyfa Palestínumönnum að velja á milli Fatah og Hamas. Staðreyndin er hins vegar sú að Palestínumenn eru nú þegar búnir að velja og Hamas vann meirihluta í lýðræðislegum kosningum.

Þessi niðurstaða hefur hins vegar verið virt að vettugi af Ísrael, Bandaríkjastjórn og Evrópusambandinu.

HVERFANDI PALESTÍNA...



Með efnahagsþvingunum, undirróðri, fangelsun ráðherra og þingmanna var löglega kosinni stjórn splundrað. Þetta var sem sagt ekki „leyft“. Hvað gera þeir sem hér stýrðu för, ef Palestínumenn gera aftur eitthvað annað en þeim „verður leyft“?

Talnaleikur Síonista

Alan Dershowitz hefur því fram að Ísraelski herinn leggi sig fram í því að valda sem minnstum skaða meðal óbreyttra borgara. Og hann leggur fram tölur til að sanna árangur í þessari viðleitni.

Tölurnar eiga að sýna hlutfallið milli vígamanna og óbreyttra borgara sem falla í árásum Ísraels hers á Palestínumenn. Hann tiltekur tölur um Palestínumenn sem hafa fallið í loftárásum og í árásum á jörðu niðri: „Sem dæmi um árangur þeirra (Ísraels) er að í *intifada-uppreisninni 2001 og 2002 féll einn almennur borgari fyrir hvern vígamann, sem var drepinn í loftárásum. Hlutfallið var einn á móti einum. 2007 og það sem af er 2008 er hlutfallið einn á móti 27... En öðru máli gegnir með aðgerðir á jörðu niðri eins og í mars þegar 120 manns létu lífið, 93 hryðjuverkamenn og rúmlega 20 óbreyttir borgarar.*“

Þessar tölur stemma engan veginn við upplýsingar sem Ísraelskir blaðamenn og ísraelsk mannréttinda- og friðarsamtök

hafa lagt fram. Ísraelski blaðamaðurinn Gideon Levy, fyrverandi aðstoðarmaður Shimon Peres, starfar nú við dagblaðið Haaretz í Ísrael. Hann skrifar þ. 3. mars s.l. að Ísraels her hafi drepit tæplega 900 Palestínumenn á s.l. tveimur árum og að helmingur þeirra hafi verið óbreyttir borgarar.

Ísraelsku mannréttindasamtökin B'Tselem, sem eru þekkt fyrir vönduð vinnubrögð, hafa upplýst að Ísraels her hefur drepit um 4500 Palestínumenn á tímabilinu frá febrúar 2000 til febrúar 2008. Af þeim voru um 1650 bardagamenn en um 2850 óbreyttir borgarar og þar af um 900 börn og unglingar. Talnaleikur Alans Dershowitz, þar sem hann dregur út tölur sem segja ekkert um heildarmyndina er lævisleg tilraun til þess að fela sannleikann um framferði Ísraels.

Það eru fleiri en Alan Dershowitz sem eru talnaglaðir. Yuval Diskin, yfirmaður Ísraelsku öryggisstofnunarinnar lýsti því yfir á ríkisstjórnarfundum 13. janúar 2008 að Ísraels her hefðu „drepit 1,000 hryðjuverkamenn á Gazaströndinni“ á undanföllum tveimur árum. Opinberar tölur um drápin segja hinsvegar að árin 2006 og 2007 hafi Ísraels drepit 816 Palestínumenn. Af þessum fjölda voru 152 börn og unglingar auk fjölda kvenna sem engan þátt tóku í bardögum.

Af þessu má ráða að yfirmaður

öryggisstofnunarinnar telur hvern drepinn Palestínumann vera „hryðjuverkamann“. Þessar tölur Yuval Diskin eru af sama sauðahúsi og tölur Alans Dershowitz og afhjúpa það eitt að þeir líta á Palestínumenn sem réttlæsa þjóð í landi sínu. Og það er í raun kjarninn í stefnu Ísraelsku Síonistanna, að koma Palestínupjóðinni fyrir kattarnef og yfirtaka allt land þeirra.

Alan styður brot á Genfarsáttmálanum

Alan Dershowitz hefur verið talsmaður s.k. fjöldarefinga sem eru bannaðar í Genfarsáttmálanum. Hann hefur gengið svo langt að réttlæta niðurrið heilla þorpa í Palestínu til að hefna fyrir aðgerðir einstaka þorpsbúa. Þessháttar aðgerðir voru meðal aðgerða sem þýskir nasistar beittu eins og alþekkt er. Alan hefur andmælt úrskurði Alþjóðadómstólsins um hinn ólöglega múr sem Ísraels hafa byggt á landi Palestínumanna. Hann hefur setið nefnd í Ísrael þar sem viðfangsefnið var ráðagerðir Ísraels hers og leynisþjónustunnar um aftökur án dóms og laga (targeted killings). Og hann styður pyntingar og mannréttindabrot af grófustu gerð. Alan Dershowitz er Síonisti, stefnu undirokunar og þjóðernishreinsana, og allt sem hann segir um málefni Mið austurlanda ber að skoða í því ljósi.

1948

Ég vona að einn daginn verði stofnuð „Sannleiks- og sáttanefnd“ um málefni Ísraels og Palestínumanna, að suður-afrískri fyrirmynd. Hún ætti að vera skipuð sagnfræðingum frá Ísrael, Palestínu og hvaðanæva úr heiminum, og grafast fyrir um hvað gerðist í raun í landinu árið 1948.

Á þeim 60 árum sem nú eru liðin, hafa atburðir stríðsins verið grafnir undir mörg lög af áróðri Ísraels og Palestínumanna, gyðinga og araba. Það þarf því hálfgerða fornleifarannsókn til þess að komast til botns.

Jafnvel eftirlifandi sjónarvottar eiga stundum erfitt með að greina á milli þess sem þeir sáu í raun og veru og goðsagnanna sem hafa skrumskælt og afbakað atburðina svo það er næstum ekki hægt lengur að bera kennsl á þá.

Ég er einn þessara sjónarvotta. Síðustu daga, í tilefni af 60 ára afmæli Ísraelsríkis, hefur fjöldi sjónvarps- og útvarpsspyrla víða að beðið mig að lýsa því hvað gerðist í raun og veru. Hér eru nokkrar af spurningunum og svör mín við þeim.

Hvernig var þetta stríð frábrugðið öðrum?

Í fyrsta lagi var þetta ekki eitt stríð heldur tvö, og það var var ekki hlé á milli þeirra.

Í fyrra stríðinu börðust gyðingar og arabar í landinu. Það stríð hófst þegar Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti ályktun um að skipta Palestínu í 2 ríki, ríki araba og ríki gyðinga, þann 29. nóvember 1947. Stríðið stóð þar til Ísrael lýsti yfir sjálfstæði sínu þann 14. maí 1948. Á þeim degi hófst seinna stríðið, stríðið milli Ísraels og nágrennaríkjanna, sem tefldu herjum sínum fram til orrustu.


Þetta var ekki stríð tveggja ríkja um landsvæði sem lá á milli þeirra, eins og stríð Þjóðverja og Frakka um Alsace. Þetta voru ekki heldur bræðravíg, eins og borgarastríðið í Bandaríkjunum, þar sem báðar hliðar tilheyrðu sömu þjóð. Ég flokka þetta sem „þjóðernisstríð“.

Slíkt stríð er háð milli mismunandi þjóða sem búa í sama landi og gera

báðar tilkall til landsins. Þá er markmiðið ekki aðeins að vinna hernaðarlegan sigur heldur að leggja undir sig sem mest af landi og mögulegt er án þess að hin þjóðin fái að búa á því. Þetta gerðist þegar Júgóslavía klofnaði, og það er ekki tilviljun að það var þá sem hið ljóta orð „þjóðernishreinsun“ varð til.

Var stríðið óumflýjanlegt?

Á sínum tíma vonaði ég til hinstu stundar að það mætti koma í veg fyrir það (nánar um það síðar). Þegar ég lit



Eftir Uri Avnery

núna aftur er mér ljóst að það var orðið of seint.

Gyðingar voru staðráðnir í að stofna sitt eigið ríki. Þetta var eitt af grundvallarmarkmiðum Zionistahreyfingarinnar. Hún hafði verið stofnuð hálfri öld fyrr og styrktist hundraðfalt eftir Helförina, sem lauk aðeins tveim og hálfu ári áður.

Arabar voru staðráðnir í að hindra að gyðingaríki yrði stofnað í landinu þeirra sem þeir álitu (réttilega) vera arabaland. Þess vegna hófu arabar stríðið.

Hvað hugsuðuð þið gyðingar þegar þið lögðu út í stríðið?

Þegar ég skráði mig í herinn í upphafi stríðsins, vorum við sannfærð um að við værum í hættu á að vera útrýmt og að við værum að verja okkur sjálf, fjölskyldurnar okkar og allt samfélag gyðinga á svæðinu. Frasinn „Það er enginn annar valkostur“ var ekki bara slagorð, heldur djúpstæð sannfæring. (Þegar ég tala um „okkur“ á ég við fólkið almennt og sér í lagi hermennina.) Ég

held ekki að sannfæringin hafi verið alveg eins djúpstæð hjá aröbunum. Það varð þeim að falli.

Þetta skýrir hvers vegna samfélag gyðinga virkjaðist til baráttunnar frá fyrstu stundu. Það var samstaða um forystuna (meira að segja Irgun og Stern-hreyfingin viðurkenndu hana), og samstæður heraflinn tók fljótt á sig mynd eiginlegs fastahers.

Ekkert þvíumlíkt gerðist meðal arabanna. Það var engin samstaða um forystu meðal þeirra, enginn samstæður her araba eða Palestínumanna, sem þýddi að þeir gátu ekki einbeitt liði sínu á hernaðarlega mikilvægum stöðum. En við áttuðum okkur ekki á þessu fyrr en eftir stríðið.

Álituð þið ykkur vera sterkari aðilann?

Alls ekki. Á þessu tíma voru gyðingar aðeins þriðjungur íbúanna. Hundruð arababörpa víðs vegar um landið lágu við lífæðarnar sem afkoma var háð. Við misstum marga menn þegar við reyndum að opna þær, einkum veginn til Jerúsalem. Við héldum í alvörunni að við værum „hinir fáu á móti hinum mörgu“.

Smám saman snerust valdahlutföllin við. Herinn okkar varð skipulagðari og lærði af reynslunni, á meðan arabarnir héldu áfram að reiða á „faz'ah“ – einfalda herkvaðningu þar sem þorpsbúar voru virkjaðir, vopnaðir sínum eigin gömlu vopnum. Allt frá apríl 1948 fengum við mikið magn léttra vopna frá Tékkóslóvakíu, sem voru send til okkar að fyrirmælum Stalíns. Um miðjan maí, þegar við áttum von á innrás araba, réðum við yfir samhangandi landsvæði.

Með öðrum orðum, þá hröktuð þið arabana burt?

Þetta voru ekki ennþá „þjóðernishreinsanir“ þegar þarna er komið sögu, heldur hliðarverkun af stríðinu. Við vorum að búa okkur undir stórarás arabaherjanna og var ókleift að skilja fjölda fjandsamlegra íbúa fyrir aftan okkuar. Þessi hernaðarlega nauðsyn var að sjálfsgöðu fléttuð saman við meira

eða minna meðvitaða löngun til að skapa þjóðernislega einsleitt yfirráðasvæði gyðinga.

Í árunna rás hafa andstæðingar Ísraels búið til samsæriskenningu um „áætlun D“ eins og hún hefði falið í sér allsherjar þjóðernishreinsun. Í raun var þetta hernaðaráætlun um að ná samfelldu landsvæði á okkar vald til að búa okkur undir úrslitaátökin við heri araba.

Meinar þú að á þessu stigi hafi ekki enn verið ákveðið að hrekja alla arabana á brott?

Menn verða að muna hvernig stjórnmálaástandið var: Samkvæmt ályktun Sameinuðu þjóðanna átti meira en helmingur Palestínu (eins og verndarsvæðið var undir stjórn Breta árið 1947) að tilheyrja „gyðingaríkinu“. Á því svæði voru meira en 40% íbúanna arabar. Talsmenn araba héldu því fram að það væri ómögulegt að stofna gyðingaríki þar sem nánast helmingur íbúanna væri arabar og þeir kröfðust þess að ályktunin um skiptingu landsins yrði dregin til baka. Gyðingarnir studdu ályktunina og vildu sanna að þetta væri hægt. Svo að það talsvert reynt (t.d. í Haifa) að sannfæra arabana um að yfirgefa ekki heimili sín. En raunveruleiki stríðsins sjálfs olli fjöldafliótanum.

Menn verða að skilja að arabarnir „flúðu landið“ ekki. Almennt gerðust hlutirnir svona: Í bardögum varð arabaröpp fyrir miklum árásum. Íbúar þess – menn, konur og börn – flúðu auðvitað til næsta þorps. Svo skutum við á næsta þorp og þau flúðu yfir í það þarnaesta og svo koll af kolli, þangað til samið var um vopnahlé og allt í einu voru komin mörk (Græna línan) milli þeirra og heimila þeirra. Fjöldamorðin í Deir Yassin ýttu líka á þau að flýja.

Meira að segja íbúar Jaffa yfirgáfu ekki landið. Gaza – þangað sem fólk flúði – tilheyrir þrátt fyrir allt líka Palestínu.

Ef svo er, hvenær hófust þá „þjóðernishreinsunin“ sem þú talaðir um?

Í seinni hluta stríðsins, eftir að sókn arabarherjanna var hrundið, varð það að sjálfstæðu hernaðarmarkmiði að hrekja arabana burtu.

Svo alls sannleika sé gætt, þá má ekki gleyma því að þetta var ekki einhliða. Það voru ekki margir arabar eftir á svæðunum sem við lögðum undir okkur, en það var heldur ekki neinn gyðingur eftir á svæðunum sem arabarnir lögðu undir sig, eins og Etzion-samykjubúunum eða gyðingahverfinu í gömlu borginni í Jerúsalem. Gyðingarnir voru drepnir eða flæmdir á brott. Það var stigsmunur: Á meðan gyðingar unnu stór landsvæði tókst aröbum aðeins að vinna lítil svæði.

Raunverulega ákvörðunin var tekin

eftir stríðið, að leyfa ekki hinum 750 þúsund flóttamönnum að snúa aftur til heimkynna sinna.

Hvað gerðist þegar arabaherirnir komu inn í stríðið?

Í upphafi virtist staða okkar mjög örvænntingarfyll. Arabaherirnir voru fastaherir, vel þjáfaðir (aðallega af Bretum) og búnir þungavopnum – orrustuflugvélum, skriðdrekum og fallbyssum – á meðan við höfðum aðeins létt vopn – riffa, vélbyssur, léttar sprengjuvörpur og gagnslítill vopn ætluð gegn skriðdrekum. Það var ekki fyrr en í júní að okkur fóru að berast þungavopn.

Sjálfur tók ég þátt í að afferma fyrstu orrustuflugvélararnar sem okkur bárust frá Tékkóslóvakíu. Þær höfðu verið framleiddar fyrir þýska herinn. Yfir höfðum okkar börðust þýskar Messerschmitt-vélar okkar við breskar Spitfire-vélar sem Egypta.

Hvers vegna studdi Stalín gyðingana?

Þegar ályktun Sameinuðu þjóðanna lá fyrir flutti fulltrúi Sovétríkjanna, Andrei Gromkjo, ákaflega zioníska ræðu. Skammtímamarkmið Stalíns var að losna við Breta frá Palestínu, þar sem þeir hefðu annars getað heimilað uppsetningu bandarískra eldflauga. Hér er vert að nefna nokkuð sem oft vill gleymast: Sovétríkin voru fyrsta ríkið sem viðurkenndi Ísrael de jure, strax eftir sjálfstæðisfyrirlysinguna. Á þeim tíma viðurkenndu Bandaríkin Ísrael aðeins de facto.

Stalín sneri ekki baki við Ísrael fyrr en nokkrum árum seinna þegar Ísrael gekk opinberlega til liðs við Bandaríkin og bandamenn þeirra. Á þeim tíma var vænisjúk gyðingaandúð Stalíns líka að koma í ljós. Stefnumótendurnir í Moskvu töldu að rísandi alda arabískrar þjóðernishyggju væri öruggari hestur að veðja á.

Hvað fannst þér sjálfum á meðan stríðið geisaði?

Rétt fyrir stríðið trúði ég ennþá á „semitíska“ samstöðu allra landsmanna. Mánuði áður en stríðið skall á gaf ég út bæklinginn „Stríð og friður á landsvæði semíta“, þar sem ég talaði fyrir þessari hugmynd. Þegar ég lít til baka er mér ljóst að það var orðið allt of seint.

Þegar stríðið braust út gekk ég samstundis til liðs við Givati-herdeildina.

Rétt áður náði ég – ásamt hópi vina – að gefa út annan bækling sem nefndist „Frá vörn í stríð“, þar sem ég lagði til að stríðið yrði háð með friðinn á eftir í huga. (Ég var undir miklum áhrifum frá Basil Liddell Hart, Breta sem talaði fyrir slíkri stefnu í síðari heimsstyrjöldinni.)

Vinir mínir reyndu mjög að sannfæra mig um að skrá mig ekki í herinn, svo ég hefði ráðrúm til að sinna því mun mikilvægara verkefni að tjá skoðanir mínar á meðan stríðið stæði yfir. Mér fannst þeim skjáttast – ég áleit að við þessar aðstæður bæri heiðarlegum ungum manni í góðu formi að fara og berjast með hersveitunum. Hvernig gat ég verið heima á meðan þúsundir úr mínum aldursflokki hættu lífi sínu dag og nótt? Fyrir utan það, hver myndi nokkurn tíma framar hlusta á mig ef ég brygðist skyldu minni við þjóð mína á ögurstundu?

Í upphafi stríðsins var ég óbreyttur hermaður í fótgönguliðinu og barðist í kring um veginn til Jerúsalem og í seinni hluta þess þjónaði ég í vélvæddu herdeildinni Refum Samsons við landamæri Egyptalands. Þar fékk ég tækifæri til að sjá stríðið frá mörgum mismunandi hliðum.

Allt stríðið skræði ég það sem ég upplifði. Skýrslurnar mínar birtust í dagblöðum og seinna var þeim safnað saman og gefnar á bók sem nefnist Á Filisteavöllum 1948 (ensk útgáfa er væntanleg). Ritskoðarar hersins leyfðu mér ekki að fara ítarlega út í neikvæðu hliðarnar, svo ég skrifaði aðra bók strax að stríðinu loknu, sem nefnist Hin hliðin á peningnum. Hún var dulbúin sem bókmenntaverk til þess að ég þyrfti ekki að afhenda hana til ritskoðunar. Þar greindi ég frá því, meðal annars, að við hefðum fengið fyrirskipanir um að drepa alla araba sem reyndu að snúa aftur.

Hvað lærðir þú af stríðinu?

Voðaverkin sem ég varð vitni að gerðu mig að sannfærðum, virkum friðarsinna. Stríðið kenndi mér að það er til palestínskt þjóð og að við munum aldrei ná friði nema palestínskt ríki verður ekki til við hlið okkar ríkis. Sú staðreynd að þetta hefur enn ekki ræst er ein af ástæðum þess að segja má að stríðið sem hófst 1948 geisi fram á þennan dag.

Höfundur er ísraelskur rithöfundur og stjórnmálamaður.

Þýðing: *Einar Steinn Valgarðsson*

Heimasíða félagsins er

<http://www.palestina.is>

Málsvari morðingja

Verjandi hins glataða málstaðar“ var fyrirsögnin á þriggja síðna viðtali í Morgunblaðinu 4. apríl sl. „Málsvari morðingja“ hefði það eins getað verið. Lögfræðingur sem hlotið hefur heimsfrægð fyrir að bjarga ríku fólki frá rafmagnsstólum og er stoltur yfir því að enginn þeirra tíu einstaklinga sem hann hefur bjargað frá dauðadómi hafi drepíð aftur. Hann getur hins vegar ekki hreykt sér á sama hátt yfir fjöldamorðingunum fyrir botni Miðjarðarhafs sem hann ver líka af miklum krafti og kunnáttu og sennilega án þess að fá borgað fyrir það. Þeir halda nefnilega áfram að drepa.

Hvergi hefur komið fram að Dershowitz er bandarískur gyðingur sem gegnt hefur veigamiklu hlutverki fyrir ísraelsk stjórnvöld, verið þeirra helsti sérfræðingur varðandi pyntingar og handgenginn mörgum helstu forystumönnum Ísraelsríkis. Dershowitz skilgreinir sig sem vinstrimann í bandarískum stjórnmálum. Hann er demókrati sem styður Hillary Clinton en myndi kjósa Barack Obama ef svo færi, enda Obama gamall nemandi hans. Þótt afstaða Dershowitz gagnvart Palestínunömmum sé býsna skuggaleg, þá er hægt að vera honum sammála um ýmislegt, þar á meðal þegar hann hvetur til viðræðna við Hamas-samtökin og stjórnvöld á Gaza.

Alan Dershowitz var leiddur til hásætis í íslenskum fjölmiðlum og var þar hafinn til skýjanna fyrir gáfur sínar, fyrir að vera lagaprófessor við Harvard og fyrir að hafa orðið prófessor þar yngri að árum en nokkur annar. Sjálfum þykir honum vænst um að hafa bjargað mannslífum, þessum sem beið dauðadómur fyrir morð, sumir sekir að hans áliti, aðrir saklausir. Alls tíu manns.

„Eitthvað verða Ísraelsmenn að gera“

En Dershowitz ver líka, og ekki af minni ástríðu, fjöldamorð Ísraelskers á Gazaströnd. „Eitthvað verða Ísraelsmenn að gera“, segir lögfræðingurinn. Eins og sendiherrar Ísraels og áróðursmaskína

Ísraelsstjórnar sem heild, þá leggur Dershowitz megináherslu á smábæinn Sderot sem byggður er á landtökusvæði frá 1948 í námunda við Gazaræmuna. Sderot er nánast eini þéttbýlisstaðurinn sem heimatilbúnar Qassam-flaugar andspyrnuhópa á Gazasvæðinu ná til, og þar hefur á liðnum áratug um einn maður fallið á hverju ári af þeirra völdum. Síðast gerðist það 23. mars síðastliðinn,



Eftir
Svein
Rúnar
Hauksson

að Ísraeli á fimmtugsaldri fórst af völdum slíkrar flaugar. Þá hafði enginn farist í níu mánuði og enginn eftir það. „Eitthvað verða Ísraelsmenn að gera“, segir Alan og nú voru nærri 130 manns látnir gjalda fyrir með lífi sínu, þar af fjöldi barna.

Fram hefur komið að stærstur hluti þeirra sem látið hafa lífið í árásum Ísraelskers eru óbreyttir borgarar sem engan beinan þátt hafa átt í vopnaðri andspyrnu gegn Ísrael. Með lögfæðilegri kunnáttusemi er Dershowitz búinn að breyta hlutföllunum milli andspyrnumanna og óbreyttra borgara, en lætur að því liggja að hinir fyrrnefndu, sem hann skilgreinir sem hryðjuverkamenn, séu rétttræpir. Herinn sem grimmdarverkin fremur og ríkisstjórnin sem ábyrgð ber eru ekki hryðjuverkamenn samkvæmt skilgreiningu lagaprófessorsins.

Dershowitz hefur sína skilgreiningu á hverjir eru stríðsmenn og hverjir ekki. Hann er á því til dæmis að móðir ungs manns sem tekur þátt í andspyrnuhreyfingunni, sé líka sek ef hún skýtur skjólshúsi yfir son sinn. Baráttumaður sem skýtur Qassam-flaug á Sderot og fer svo heim

til fjölskyldunnar gerir hana þar með samseka og svo ber að skilja að Dershowitz vilji telja allt heimilisfólk hryðjuverkamenn.

Eyðilegging heimila og pyntingar

Dershowitz vísar til þess að Hæstiréttur Ísraels samþykki ekki eyðileggingu heimila nema eigandur þeirra séu samseki um hryðjuverk. Tugir þúsunda heimila hafa verið sprengd í loft upp af hernámsliðinu og Dershowitz getur réttlætt það með sinni endurskilgreiningu á hverjir séu sekir um hryðjuverk, og það er alla vega ekki herinn samkvæmt hans skilgreiningum.

Prófessorinn hefur á sama hátt haft áhuga á pyntingum og gerst helsti sérfræðingur ísraelskra yfirvalda í að lögleiða pyntingar. Hann segir skemmtilega opinskátt frá því að 93 ára gömul móðir sín kvarti næstum daglega yfir því sem hún sé ósammála í skrifum hans og að eiginkona hans gagnrýni sig fyrir ósamkvæmni, því að ekki sé hægt „að vera andvígur pyntingum en þó hlynntur pyntingaheimildum.“ Prófessor Dershowitz mun hafa gegnt lykilhutverki í því að ísraelska leynipjónustan, lögregla og her hefur fengið lagalegar heimildir til pyntinga. Ísrael er nú eina landið sem hefur lögleitt pyntingar sem yfirheyrsluaðferð – að sjálfsögðu „hóflegar“ pyntingar.

Hver er hryðjuverkamaður?

Einhver samsinna lögfræðiprófessornum sagði líka á undan honum að börnin sem létu lífið í loftárásum Ísraelskers væru vís með að verða hryðjuverkamenn ef þau næðu til þess aldri og þroska. Þetta minnir að nokkru á réttlætningar sem heyrst hafa á sjálfmorðsárásum Palestínunanna sem gerðar hafa verið á almenningsstaði
Framhald á bls. 2

Viðtakandi: